Október 2026

Grænbók um landsáætlun í landgræðslu og skógrækt

Umræðuskjal fyrir opið samráð

Stjórnarráð Íslands

Efnisyfirlit

Hvað er grænbók? 3


1. Inngangur 4
   - 1.1 Tilefni endurskoðunar/stefnumótunar 5
   - 1.2 Umgjörð og skipulag stefnumótunar 5
2. Samráð 6
   - 2.1 Skilgreining framkvæmdaraðila, samstarfsaðila og hagaðila 6
   - 2.2 Framkvæmdaraðilar 6
   - 2.3 Samstarfsaðilar 7
   - 2.4 Aðrir hagaðilar 7
3. Stöðumat 8
   - 3.1 Staða málaflokksins 8
   - 3.2 Tengsl við þróun mála hérlendis og í nágrannalöndum 11
   - 3.3 Þróun fjárheimilda 13
   - 3.4 Stöðumat á kynja- og jafnréttissjónarmiðum 15
   - 3.5 Mat á árangri gildandi landsáætlunar 17
4. Valkostir, framtíðarsýn og áherslur til umræðu 38
   - 4.1 Lykilviðfangsefni til næstu ára 38
   - 4.2 Valkostir – leiðir 39
   - 4.3 Drög að framtíðarsýn 40
   - 4.4 Áherslur 40
5. Hver er þín skoðun? 43
6. Viðaukar 44
   - Viðauki 1. Matslýsing vegna umhverfismats endurskoðaðrar landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt 44

Hvað er grænbók?

Grænbók (stöðumat og valkostir) er greining á tilteknu viðfangsefni sem stjórnvöld hafa ákveðið að skoða skuli nánar í aðdraganda stefnumótunar eða frumvarpsgerðar. Í samráðsgátt á vef Stjórnarráðsins má bjóða almenningi og hagsmunaaðilum að taka þátt í opnu samráði og setja fram sjónarmið sín um stöðumatið.

Í stöðumati og valkostum er að finna upplýsingar um viðfangsefnið og núverandi stöðu þess. Tekin eru saman talnagögn sem til eru um viðfangsefnið, svo sem innlendar tölur eða samanburðartölur við önnur ríki. Stöðumatið gefur gott yfirlit um meginviðfangsefnin fram undan og helstu leiðir eða áherslur við úrlausn þeirra.

Við gerð stöðumats og valkosta er jafnan leitað til framkvæmdar-, samstarfs- og hagsmunaaðila svo þeir geti komið sjónarmiðum sínum og sérþekkingu um málefnið á framfæri.



Mynd 1. Stöðumat og valkostir er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda.

Að loknu samráði um grænbók eru niðurstöður dregnar saman og unnin hvítbók með drögum að framtíðarsýn, markmiðum og áherslum. Að loknu samráði um hvítbók er endanleg landsáætlun og aðgerðaáætlun mótuð og gefin út af ráðherra.

1. Inngangur

Land og líf: Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031[1] kom út í ágúst 2022, fyrsta sameiginlega stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt. Stefnan var byggð á fimm megináherslum sem voru:

1. Heil og fjölbreytt vistkerfi
2. Náttúrumiðaðar lausnir
3. Sjálfbær landnýting
4. Þekking, samstarf og lýðheilsa
5. Jákvæð byggðaþróun

Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun fyrir árin 2022–2026.

Grænbók þessi er fyrsta skrefið í endurskoðun landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt. Landsáætlunin er lögbundin samkvæmt 6. gr. laga nr. 155/2018 um landgræðslu[2] og 4. gr. laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt.[3] Samkvæmt lögunum skal ráðherra gefa út sameiginlega áætlun um landgræðslu og skógrækt eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og til tíu ára í senn. Viðfangsefnið fellur undir málefnasvið 17 – umhverfismál[4], og er á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Land og skógur er sú ríkisstofnun sem fer með framkvæmd málaflokksins landgræðslu og skógræktar, en til þess að árangur náist þarf að byggja á virkri þátttöku og samstarfi stjórnvalda, sveitarfélaga, landeigenda, félagasamtaka, atvinnulífs og almennings.

Í þessari grænbók er lagt mat á framkvæmd gildandi stefnu og aðgerðaáætlunar.

Í stöðumatinu eru eftirfarandi atriði skoðuð:

- Árangur gildandi stefnu miðað við skilgreinda árangursvísa.
- Framgangur aðgerða.
- Helstu áskoranir og lærdómur.
- Samspil við aðrar stefnur, svo sem í loftslagsmálum, líffræðilegri fjölbreytni, landbúnaði og landsskipulagsstefnu, auk annarra opinberra áætlana eftir því sem við á.

Stöðumatið myndar þannig faglegan grunn að greiningu valkosta og mótun endurskoðaðrar stefnu og aðgerðaáætlunar. Á grundvelli stöðumatsins verða greindir valkostir og unnin hvítbók með drögum að endurskoðaðri landsáætlun til 10 ára og aðgerðaáætlun fyrir árin 2027–2031.

Grænbókin verður kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Matslýsing vegna umhverfismats landsáætlunar liggur fyrir í tengslum við vinnu við grænbókina, en umhverfismatið sjálft verður unnið samhliða hvítbókinni (sjá viðauka 1).

[1] Stjórnarráðið | Land og líf

[2] 155/2018: Lög um landgræðslu | Lög | Alþingi

[3] 33/2019: Lög um skóga og skógrækt | Lög | Alþingi

[4] https://www.stjornarradid.is/verkefni/opinber-fjarmal/fjarlog/fjarlog-fyrir-arid-2026/greinargerdir-raduneyta/greinargerd/17-umhverfismal/

1.1 Tilefni endurskoðunar/stefnumótunar

Ástand lands og vistkerfa, landnýting og skógrækt hefur víðtæk áhrif á náttúru, loftslag, atvinnulíf og byggðir. Landsáætlun er ætlað að marka sameiginlega langtímastefnu stjórnvalda í þessum málaflokkum, samræma áherslur og aðstoða við forgangsröðun aðgerða. Hún skal stuðla að jarðvegsvernd, sjálfbærri landnýtingu, skógrækt og vernd og endurheimt vistkerfa. Jafnframt skal hún fjalla um hvernig landnýting geti best stutt atvinnulíf og byggðir, viðhaldið landgæðum og eflt skert vistkerfi.

Tilefni endurskoðunarinnar er lögbundin endurskoðun landsáætlunarinnar auk þess sem gildistími aðgerðaáætlunar *Lands og lífs* rennur út í lok árs 2026. Frá útgáfu núgildandi stefnu hafa jafnframt orðið breytingar á stjórnsýslu og regluverki málaflokksins, meðal annars með stofnun Lands og skógar og setningu nýrra reglugerða, annars vegar um sjálfbæra landnýtingu nr. 670/2024[5] og hins vegar um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026[6]. Þá hafa áherslur á loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, endurheimt vistkerfa, landupplýsingar og verðmætasköpun úr skógum þróast.

Endurskoðunin felur því í sér mat á framkvæmd gildandi stefnu og aðgerðaáætlunar ásamt endurmati á áherslum og forgangsröðun málaflokksins. Niðurstöður grænbókarinnar og samráðs um hana verða lagðar til grundvallar nýrri landsáætlun og aðgerðaáætlun fyrir árin 2027–2031.

1.2 Umgjörð og skipulag stefnumótunar

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, skipaði verkefnisstjórn um endurskoðun landsáætlunarinnar í júní 2026. Hún er þannig skipuð:

- Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður Lands og skógar, formaður verkefnisstjórnar
- Brynhildur Bjarnadóttir, dósent við Háskólann á Akureyri
- Helga María Pálsdóttir sviðstjóri, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Ingunn Agnes Kro, lögfræðingur og stjórnarmaður hjá ýmsum fyrirtækjum
- Salome Hallfreðsdóttir, fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins
- Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Starfsmaður verkefnisstjórnar er Hrefna Jóhannesdóttir, teymisstjóri stefnumótunar hjá Landi og skógi,. Áætlað er að endurskoðuð landsáætlun, ásamt nýrri aðgerðaáætlun, verði gefin út í mars 2027.

[5] Reglugerð 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu.

[6] Reglugerð 50/2026 um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt.

2. Samráð

Samráð er hluti af öllum stigum endurskoðunar landsáætlunarinnar. Markmið með grænbókinni er að leggja fram yfirlit um stöðu og framkvæmd gildandi landsáætlunar og skapa grundvöll fyrir umræðu um helstu úrlausnar- og viðfangsefni sem upp koma við endurskoðun hennar. Ítarleg stefnumótun, útfærsla valkosta og frekara samráð um framtíðarsýn og áherslur fer fram við vinnslu hvítbókar.

Við gerð grænbókarinnar hefur verið fjallað um efni hennar í verkefnisstjórn, sem skipuð er fulltrúum með fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu á málaflokknum. Jafnframt hefur verið leitað upplýsinga og sjónarmiða hjá þeim aðilum og sérfræðingum innan Lands og skógar sem bera ábyrgð á eða vinna að framkvæmd gildandi aðgerðaáætlunar.

Grænbókin verður birt í samráðsgátt stjórnvalda. Viðeigandi stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum hagaðilum verður sérstaklega bent á þau tækifæri sem þeim bjóðast til umsagna og samráðs. Markmið samráðsins er að fá fram sjónarmið um stöðu málaflokksins, helstu áskoranir og þau viðfangsefni sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu. Umsagnir og ábendingar sem berast nýtast við áframhaldandi greiningu valkosta og gerð hvítbókar.

Þegar drög að endurskoðaðri landsáætlun liggja fyrir í formi hvítbókar verða þau kynnt opinberlega ásamt umhverfismati áætlunarinnar. Þá verður sérstaklega óskað eftir umsögnum viðeigandi stofnana, stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra hagaðila. Umsagnarfrestur verður að lágmarki sex vikur. Áður en endurskoðuð landsáætlun tekur gildi verður hún jafnframt kynnt þeirri nefnd Alþingis sem fer með málefni landgræðslu og skógræktar.

2.1 Skilgreining framkvæmdaraðila, samstarfsaðila og hagaðila

Framkvæmdaraðilar – stofnanir málefnasviðsins og fulltrúar verkefna sem bera ábyrgð á, fjármagna eða annast framkvæmd verkefna innan málefnasviðsins.

Samstarfsaðilar – aðrir aðilar sem tilheyra ekki málefnasviðinu en eru í víðtæku samstarfi um framkvæmd verkefna á þessu sviði.

Aðrir hagaðilar – ýmsir aðilar sem kunna að verða fyrir áhrifum af eða hafa beinan hag af tilteknum ákvörðunum eða athöfnum.

2.2 Framkvæmdaraðilar

Ráðherra ber ábyrgð á landsáætluninni og gefur hana út, en umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur umsjón með stefnumótunarferlinu og eftirfylgni þess. Verkefnisstjórn vinnur grænbók og hvítbók samkvæmt erindisbréfi ráðherra, með aðstoð Lands og skógar. Land og skógur gegnir jafnframt meginhlutverki við framkvæmd lögbundinna verkefna og fjölmargra aðgerða landsáætlunarinnar.

Framkvæmd einstakra aðgerða er þó einnig á höndum sveitarfélaga, eigenda og notenda lands. Eftir eðli og staðsetningu aðgerða geta Náttúruverndarstofnun, Framkvæmdasýslan–Ríkiseignir, Vegagerðin, skógræktarfélög, gróðrarstöðvar, verktakar og fyrirtæki einnig verið framkvæmdaraðilar. Tilgreina þarf ábyrgðar-, framkvæmdar- og samstarfsaðila nánar fyrir hverja aðgerð í aðgerðaáætlun.

2.3 Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar leggja til þekkingu, gögn, ráðgjöf, samhæfingu, fjármagn og aðra aðstoð við undirbúning og framkvæmd landsáætlunarinnar. Atvinnuvegaráðuneytið fer með málefni landbúnaðar en fjármála- og efnahagsráðuneytið með málefni ríkisjarða. Þar gegna Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga mikilvægu hlutverki við miðlun og samhæfingu, en Bændasamtök Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tengja eigendur og notendur lands við stefnumótunina. Náttúrufræðistofnun, Umhverfis- og orkustofnun, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, Náttúruverndarstofnun og Minjastofnun Íslands leggja til gögn, faglega ráðgjöf og stjórnsýsluþekkingu, hver á sínu sviði. Háskólar og náttúrustofur eru samstarfsaðilar í rannsóknum og vöktun, fræðslu og þróunarverkefnum. Eins geta fagfélög og frjáls félagasamtök komið þar við sögu. Samstarf við atvinnulíf, fjármálastofnanir, skólasamfélagið og aðra sérhæfða aðila getur jafnframt komið að gagni við fjármögnun, nýsköpun, fræðslu og framkvæmd. Sumir samstarfsaðilar geta einnig orðið framkvæmdaraðilar tiltekinna aðgerða eða verkefna.

2.4 Aðrir hagaðilar

Til annarra hagaðila teljast aðilar sem verða fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af stefnu og aðgerðum eða hafa lögmætra umhverfislegra, félagslegra eða efnahagslegra hagsmuna að gæta. Þar má einkum nefna almenning, íbúa, útivistarfólk og aðra notendur lands og landgæða, auk félagasamtaka og fyrirtækja sem tengjast landgræðslu, skógrækt, landbúnaði, náttúruvernd eða náttúrumiðuðum lausnum.

Landeigendur, bændur og sveitarfélög eru jafnframt mikilvægir hagsmunaaðilar, þótt þau geti einnig verið framkvæmdar- og samstarfsaðilar. Umfang og form samráðs þarf að taka mið af því hversu mikil áhrif stefnan hefur á viðkomandi hóp og hversu mikil áhrif hópurinn getur haft á framkvæmd hennar.

3. Stöðumat

3.1 Staða málaflokksins

Landgræðsla og skógrækt byggist á sterkum laga- og stofnanagrunni. Vægi málaflokksins hefur aukist með aukinni áherslu á loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu. Með Landi og skógi hafa skapast betri forsendur til að samþætta verkefni sem áður tilheyrðu tveimur stofnunum og vinna með heildstæðari hætti að landgræðslu, skógrækt, sjálfbærri landnýtingu og endurheimt vistkerfa. Málaflokkurinn er engu að síður umfangsmikill og nær til ólíkra vistkerfa og landnotkunar. Framkvæmd hans er háð aðkomu fjölmargra aðila í stjórnsýslu en einnig háskóla, rannsóknarstofnana, menntastofnana, eigenda og notenda lands, sveitarfélaga, félagasamtaka, almennings og fyrirtækja.

Núgildandi landsáætlun var fyrsta sameiginlega landsáætlunin í landgræðslu og skógrækt. Hún var byggð á þeirri sýn að ástand lands mætti bæta og að landgræðsla og skógrækt væru langtímaverkefni. Megináherslurnar voru fimm eins og getið var í inngangi, 1) heil og fjölbreytt vistkerfi, 2) náttúrumiðaðar lausnir, 3) sjálfbær landnýting, 4) þekking, samstarf og lýðheilsa, 5) jákvæð byggðaþróun

Undir þessum áherslum eru tíu markmið, 27 aðgerðir og 50 árangursvísar. Nánari umfjöllun um stöðu mála innan hverrar megináherslu er að finna í kafla 3.5.

Ástand vistkerfa, þekking og vöktun

Víða er mikið álag á vistkerfum á Íslandi vegna jarðvegseyðingar, hnignunar lands, ósjálfbærrar landnýtingar og áhrifa loftslagsbreytinga. Stór hluti votlendis hefur verið ræstur fram. Vandaðar aðgerðir í landgræðslu og skógrækt geta aukið kolefnisbindingu eflt líffræðilega fjölbreytni og viðnámsþrótt vistkerfa.

Tafla 1. Stærð raskaðs lands og skóga á Íslandi árið 1990 og 2025, fjöldi hektara sem unnið hefur verið að endurheimt eða ræktun skóga 2022-2025 auk markmiða Lands og lífs.[7]

	Staða 2025	Staða 1990	Framvinda 2022–2025	Markmið Lands og lífs
Raskað votlendi ekki í ræktun[8]	304.000	262.000	1.360	15.600 ha í endurheimtarferli til 2031
Raskað þurrlendi <600 m yfir sjó		<50% rofið	327.500	Ný svæði verði um 100.000 ha 2031
Náttúruskógar[9]	173.000	138.000	20.000	2.500 km^2 skilgreindir 2026
Nytjaskógar[10]	45.000	8.500	3.000	15.000 ha aukning til 2031

Víða er mikið álag á vistkerfum á Íslandi vegna jarðvegseyðingar, hnignunar lands, ósjálfbærrar landnýtingar og áhrifa loftslagsbreytinga. Stór hluti votlendis hefur

[7] Allar tölur nema mat á hlutfalli raskaðs þurrlendis eru úr gögnum tengdum losunarbókhaldi Íslands. Tölur fyrir 2025 eru bráðabirgðartölur. Hlutfall raskaðs þurrlendis í undir 600 m.y.s. er unnið út frá vinnugögnum Lands og skóga og rofkorti frá 1990. Röskun er allt frá grónum svæðum með rofdílum til auðna (rofflokkar 2-5).

[8] Aukning raskaðs votlendis ekki í ræktun er bæði vegna lands sem fellur úr ræktun og vegna nýrrar framræslu.


[9] Náttúruskógar (158.000 ha) og gróðursett birki (15.000 ha).

[10] Skógar af öðrum tegundum en ilmbjörk, einkum með áherslu á timburframleiðslu og kolefnisbindingu.

verið ræstur fram. Vandaðar aðgerðir í landgræðslu og skógrækt geta aukið kolefnisbindingu, eflt líffræðilega fjölbreytni og viðnámsþrótt vistkerfa

Þekkingargrunnurinn styrkist jafnt og þétt með vönduðum rannsóknum og nú fer fram umfangsmikil vöktun, meðal annars í skógum, votlendi og á beitilöndum. Um 3.800 skilgreindir mælireitir um allt land eru vaktaðir og skapa mikilvægan grunn til að fylgjast með þróun vistkerfa og áhrifum aðgerða. Aðgengi að landupplýsingum, kortagrunnum og öðrum gögnum hefur líka batnað ásamt möguleikum á nýtingu gagna við skipulag, forgangsröðun og árangursmat.

Að vísu er þekkingargrunnurinn missterkur eftir tegundum vistkerfa og viðfangsefnum. Reglubundin vöktun skóga er lengra komin en vöktun annarra þurrlendisvistkerfa og votlendis. Auka þarf rannsóknir á áhrifum aðgerða á líffræðilega fjölbreytni. Enn skortir samræmdar upplýsingar um tiltekna landnýtingu, svo sem beit, framræslu og nýtingu framræsts votlendis. Þetta hamlar mati á breytingum á ástandi vistkerfa og samræmdan samanburð á árangri aðgerða í tímans rás.



Mynd 2. Vöktun Lands og skógar á vistkerfum um allt land fellur undir nokkur afmörkuð verkefni, hvert með sínar áherslur á tilteknar vistgerðir eða tiltekna þætti jarðvegs og gróðurs. Í flestum verkefnanna er safnað gögnum fyrir landnýtingarhluta loftslagsbókhalds Íslands (LULUCF). Hver vöktunarreitur er ýmist tekinn út árlega eða á nokkurra ára fresti eftir verkefnum.

Tafla 2. Fjöldi vöktunarreita eftir vöktunarverkefnum Lands og skógar.

Vöktunarverkefni	Fjöldi reita
Mýrland (LULUCF)	82
Mýrgas	95
ÍSÚ – ræktað (LULUCF)	1.117
ÍSÚ – náttúrulegt birki (LULUCF)	311
Mólendi (LULUCF)	827
Ræktarland (LULUCF)	290
Grólind	1.049
Samtals	**3.760**

Samfélag, landnýting og verðmætasköpun

Landgræðsla og skógrækt snertir margvíslega og stundum ólíka hagsmuni. Þar mætast meðal annars sjónarmið um landbúnað, beit, náttúruvernd, líffræðilega fjölbreytni, loftslagsaðgerðir, nytjaskógrækt, útivist og byggðaþróun. Víðtækt samráð hefur í sumum tilvikum gert undirbúning aðgerða tímafrekari en jafnframt stuðlað að auknu trausti, gefið betri forsendur fyrir ákvarðanatöku og aukið líkur á framkvæmd. Mótun svæðisbundinna lausna á beitarstjórnun, sem styðja við sjálfgræðslu og náttúrulega útbreiðslu skóga, hefur reynst vandasöm. Slíkar lausnir kalla á virkt samstarf og skýrt samkomulag um markmið, ábyrgð og framkvæmd. Mikilvægt er að sveitarfélög, landeigendur og landnotendur komi snemma að undirbúningi og að ávinningur, ábyrgð og áhrif fyrirhugaðra aðgerða séu skýr.

Með aukinni innspýtingu einkafjármagns felast tækifæri til að styrkja fjármögnun málaflokksins, meðal annars með fjárfestingum í náttúrutengdum verkefnum[11] og framleiðslu vottaðra kolefniseininga. Nokkrir tæknilegir og markaðslegir grunnþættir eru fyrir hendi en óvissa um opinbera umgjörð, gæðaviðmið og eftirspurn hefur verið nefnd sem hindrun fyrir frekari þróun slíkra markaða. Taka þarf afstöðu til þess hvort og með hvaða hætti stjórnvöld skuli bregðast við.

Málaflokkurinn felur í sér tækifæri til fjölþætts ávinnings. Með sjálfbærri landnýtingu, vernd og endurheimt vistkerfa og skógrækt er hægt að styðja við loftslagsmarkmið, líffræðilega fjölbreytni, jarðvegsvernd, vatnsmiðlun, útivist og lýðheilsu. Skógrækt og úrvinnsla skógarafurða getur jafnframt stuðlað að atvinnusköpun, auknu afhendingaröryggi hráefna, fjölbreyttari störfum og aukinni verðmætasköpun í dreifðum byggðum. Til að nýta þessi tækifæri þarf að byggja upp þekkingu, innviði og markaði og tryggja að sjónarmið um umhverfi, samfélag og efnahag séu metin í einu lagi.

Stjórnsýsla og geta til framkvæmda

Að baki landgræðslu og skógrækt er sterkur laga- og stofnanagrunnur. Vægi málaflokksins hefur aukist með vaxandi áherslu á loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu. Með stofnun Lands og skóga hafa skapast betri forsendur til að samþætta verkefni sem áður tilheyrðu tveimur stofnunum. Nú má nálgast landgræðslu, skógrækt, sjálfbæra landnýtingu og endurheimt vistkerfa með heildstæðari hætti. Málaflokkurinn er engu að síður umfangsmikill og nær til ólíkra vistkerfa og landnotkunar. Framkvæmd hans er háð aðkomu fjölmargra stjórnvalda, háskóla, rannsóknarstofnana, menntastofnana, landeigenda, landnotenda, sveitarfélaga, félagasamtaka, almennings og fyrirtækja.

Laga- og stjórnsýslurammi málaflokksins hefur tekið verulegum breytingum, meðal annars með reglugerð um sjálfbæra landnýtingu nr. 670/2024, og reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026. Lög um landgræðslu[12] kváðu á um svæðisáætlanir í landgræðslu en landshlutaáætlanir í skógrækt áttu sér lengri sögu[13]. Með lagabreytingum árið 2023 var fyrirkomulagið sameinað. Nú skal vinna svæðisáætlun um landgræðslu og skógrækt fyrir hvern

[11] Markaðsaðstæður og fjármögnun náttúrutengdra verkefna – Land og skógur 2026

[12] Lög um landgræðslu

[13] Lög um skógrækt á lögbýlum – eldri útgáfa lagasafns

landshluta á grunni landsáætlunar. Þær eiga að laga markmið og áherslur landsáætlunar að aðstæðum í hverjum landshluta, tengja þær við landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlanir sveitarfélaga og styðja við svæðisbundna forgangsröðun aðgerða.

Mat á framgangi aðgerða sýnir að framkvæmd gildandi stefnu hefur í nokkrum tilvikum gengið hægar en áætlað var. Meðal þátta sem hafa tafið framkvæmd eru flókið samráð, óskýr ábyrgð og óvissa um fjármögnun tiltekinna langtímaverkefna. Þetta á einkum við um aðgerðir sem krefjast samvinnu margra ólíkra hagaðila, ná yfir stór svæði eða fela í sér verulegar breytingar á landnýtingu. Starf að landgræðslu og skógrækt er jafnframt langtímaverkefni sem tekur gjarnan mörg ár að mæla árangurinn af. Skýr ábyrgð, fyrirsjáanleg fjármögnun og langtímavöktun eru því mikilvægar forsendur samfelldrar framkvæmdar og mats á árangri.

3.2 Tengsl við þróun mála hérlendis og í nágrannalöndum

Í núgildandi landsáætlun í landgræðslu og skógrækt, *Landi og lífi*, er lögð rík áhersla á að samþætta stefnu málaflokksins við aðrar stefnur og áætlanir stjórnvalda. Í stefnunni er jafnframt tekið mið af þróun á alþjóðlegum vettvangi og þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist í alþjóðlegu samstarfi. Eftirfarandi mynd úr gildandi landsáætlun sýnir tengsl hennar við aðrar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar:



Mynd 3. Tengsl Lands og lífs við aðrar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar.

Á gildistíma *Lands og lífs* hefur við framkvæmd áætlunarinnar verið tekið mið af öðrum stefnum og áætlunum stjórnvalda, alþjóðlegum skuldbindingum og samstarfsferlum eftir því sem við hefur átt. Við mótun nýrrar landsáætlunar þarf að meta hvernig þessi samþætting hefur tekist, hvaða áskoranir henni hafa fylgt og uppfæra yfirlit um þær stefnur, áætlanir, skuldbindingar og breytingar á regluverki

sem varða málaflokkinn. Vænta má þess að í samráðsferli sem fram undan er vegna vinnu við nýja landsáætlun safnist þekking um þessi atriði.

Frá samþykkt *Lands og lífs* hafa nokkrar mikilvægar stefnur og áætlanir verið endurnýjaðar eða mótaðar. Þar má meðal annars nefna uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, aðlögunaráætlun Íslands vegna áhrifa loftslagsbreytinga 2026–2030[14], stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030[15] og aðgerðaáætlun[16] hennar, auk landsskipulagsstefnu 2024–2038[17]. Við endurskoðun landsáætlunar þarf einnig að horfa til stefnumörkunar og stuðningskerfa í landbúnaði og vatnaáætlunar, enda geta aðgerðir á sviði landgræðslu og skógræktar haft áhrif á vatnshlot og vatnavistkerfi.

Einnig þarf að fylgjast með þróun Evrópuregluverks, meðal annars á sviði endurheimtar náttúru, landnotkunar og kolefnisbókhalds, vottunar kolefnisbindingar og kolefnisbúskapar[18] og vöktunar jarðvegs. Meta þarf hvaða áhrif þessir þættir kunni að hafa á stefnumótun og framkvæmd á Íslandi.

Forsendur landgræðslu og skógræktar eru að mörgu leyti ólíkar hér á landi og í nágrannalöndunum. Löndin deila þó mikilvægum markmiðum um loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra landnýtingu og aukinn viðnámsþrótt vistkerfa. Skógar og kjarr þekja aðeins rúmlega 2% lands á Íslandi samkvæmt innlendri skilgreiningu[19]. Skógarþekja er miklum mun meiri í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Þar er skógrækt og úrvinnsla skógarafurða veigamiklir atvinnuvegir. Í Danmörku og á Bretlandseyjum hefur skógarþekja lengi verið lítil vegna umfangsmikils landbúnaðar og þéttbýlismyndunar, en þar er nú lögð aukin áhersla á nýskógrækt og uppbyggingu skógarauðlindar sem lið í að ná loftslagsmarkmiðum. Reynsla frá þessum löndum af skipulagi skógræktar og samþættingu hennar við aðra landnotkun getur haft sérstakt gildi fyrir Ísland, ekki síst reynsla frá Skotlandi þar sem náttúrufar, byggðamynstur og aðstæður í dreifbýli eru að mörgu leyti sambærilegar við íslenskar aðstæður. Almennt hafa áherslur í skógrækt nágrannalanda okkar þróast frá því að beinast fyrst og fremst að iðnaðarskógrækt yfir í fjölbreyttari markmið. Nú er aukin áhersla lögð á vernd og endurheimt náttúrulegra skóga, eflingu líffræðilegrar fjölbreytni og að skógar gegni fjölþættu hlutverki fyrir samfélag og náttúru.

Ef litið er til landgræðslu er verulegur munur á áherslum hér og í nágrannalöndum. Vegna eldfjallajarðvegsins og ósjálfbærrar landnýtingar um aldir er barátta gegn jarðvegseyðingu og uppgræðsla örfoka lands enn meginviðfangsefnið í landgræðslu á Íslandi. Í mörgum nágrannalöndum er endurheimt votlendis á framræstu landi áberandi viðfangsefni í náttúruendurheimt, ekki síst vegna þeirra loftslagsáhrifa sem framræsla votlendis hefur. Í Svíþjóð, Finnlandi, á Bretlandseyjum og í Eystrasaltslöndunum voru mýrar ræstar fram í miklum mæli á 20. öld,

[14] https://www.co2.is/adlogun

[15] Líffræðileg fjölbreytni, stefna og markmið til ársins 2030

[16] Líffræðileg fjölbreytni, aðgerðaáætlun 2026–2030

[17] Landsskipulagsstefna 2024–2038

[18] Regulation (EU) 2024/3012 of the European Parliament and of the Council of 27 November 2024 establishing a Union certification framework for permanent carbon removals, carbon farming and carbon storage in products.

[19] Lög um skóga og skógrækt

ýmist til ræktunar eða til að auka þar skógvöxt. Það hefur leitt til mikillar losunar gróðurhúsalofttegunda. Nú standa yfir stór verkefni við að endurvæta framræst mýrlendi til að endurheimta votlendislífríki og koma í veg fyrir að meira kolefni tapist úr jarðveginum en orðið er.

Í reglugerð ESB um endurheimt náttúru[20] er fjallað um fjölmörg viðfangsefni sem tengjast beint vernd og endurheimt vistkerfa. Hún getur því verið gagnleg til viðmiðunar við endurskoðun landsáætlunar. Reglugerðin setur bindandi markmið um að gripið verði til endurheimtaraðgerða á að minnsta kosti 20% lands og 20% hafsvæða í ESB fyrir árið 2030 og í öllum vistkerfum sem þarfnast endurheimtar fyrir árið 2050. Aðildarríki ESB hafa því unnið að landsbundnum endurheimtaráætlunum og hófu að skila framkvæmdastjórn ESB drögum að þeim í september 2026. Sú vinna skapar þekkingu, aðferðir og reynslu sem nýst getur við endurskoðun íslensku landsáætlunarinnar.[21] Reglugerðin hefur ekki verið talin falla undir EES-samninginn og felur því ekki í sér lagalegar skuldbindingar fyrir Ísland en getur engu að síður skapað þekkingu, aðferðir og reynslu sem nýst getur hér á landi.

Þróunin í Evrópu er ekki eingöngu knúin áfram af reglugerð ESB um endurheimt náttúru heldur ýta loftslagsmarkmið og reglur um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt einnig undir vernd og endurheimt kolefnisríkra vistkerfa, meðal annars endurheimt votlendis á framræstu landi. Þá kveður Kunming–Montreal-rammasamkomulagið um líffræðilega fjölbreytni á um að árið 2030 skuli að minnsta kosti 30% raskaðra vistkerfa vera komin í virka endurheimt. Jafnframt skuli að minnsta kosti 30% lands, ferskvatns, strandsvæða og hafsvæða vernduð eða varðveitt með árangursríkum hætti.

Þessi alþjóðlega þróun hefur því skýrt stefnumótandi gildi við endurskoðun landsáætlunar í landgræðslu og skógrækt þótt réttarleg staða einstakra gerða gagnvart Íslandi sé mismunandi.

3.3 Þróun fjárheimilda

Frá árinu 2020 til 2025 hækkuðu samanlögð útgjöld Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, síðar Lands og skógar, úr tæpum 2,7 milljörðum króna í rúma 4,0 milljarða, eða um 49% á verðlagi hvers árs. Á sama tíma hækkuðu tekjufærðar fjárveitingar ríkissjóðs úr tæpum 1,95 milljörðum í 3,06 milljarða, eða um 57%.

Landgræðslan og Skógræktin voru sameinaðar í Land og skóg í ársbyrjun 2024. Á síðasta heila rekstrarári fyrri stofnana, 2023, námu útgjöld Landgræðslunnar 1,61 milljarði króna og Skógræktarinnar 2,09 milljörðum. Útgjöld sameinaðrar stofnunar voru 3,67 milljarðar árið 2024 og 4,05 árið 2025. Tekjur ársins 2025 námu 3,97 milljörðum króna. Þar af var fjárveiting ríkissjóðs 3,06 milljarðar, eða 77%, en aðrar tekjur 907 milljónir króna.

Gróf skipting raunútgjalda sýnir að laun og starfsmannakostnaður hækkaði úr 1,30 milljörðum króna árið 2020 í 1,93 milljarða árið 2025 og annar rekstur, afskriftir og fjármagnsliðir úr 0,88 milljörðum í 1,55 milljarða. Framlög og tilfærslur námu 524 milljónum króna árið 2020 og 563 milljónum árið 2025, eftir að hafa hæst farið í 717 milljónir árið 2022. Árið 2025 fóru því um 48% útgjalda í laun, 38% í annan


[20] The EU Nature restoration regulation 2024

[21] Information on EU-NRR national restoration plans 2026

rekstur og 14% í tilfærslur. Um 86% útgjalda voru þannig innan rekstrar stofnunarinnar, en teljast ekki að öllu leyti stjórnsýslukostnaður, því hluti þessara útgjalda fjármagnar beina framkvæmd, rannsóknir og aðkeypta þjónustu.[22]

Samkvæmt fjárveitingarbréfi fyrir árið 2026 nemur útgjaldarammi Lands og skógar 3,63 milljörðum króna sem skiptist þannig: 1,92 milljarðar fara í laun, 978 milljónir í önnur gjöld, 642 milljónir í tilfærslur og 88 milljónir í eignakaup. Þar af eru 3,11 milljarðar fjármagnaðir með framlagi úr ríkissjóði og 521 milljón með rekstrartekjum. Innan rammans eru meðal annars 444 milljónir til skógræktar á lögbýlum, 79 milljónir til fyrirhleðslna og 76 milljónir til tækja og búnaðar. Í boðuðum fjáraukalögum eru 195 milljónir sérstaklega færðar á fjárlagalið *14-232-101 Land og skógur*. Þar af eru 10 milljónir eyrnamerktar gerð jarðvegskorta, 100 milljónir náttúrumiðuðum lausnum í einkalöndum og 50 milljónir styrkingu átaks til endurheimtarverkefna á ríkisjörðum. Samhliða er 35 milljóna fjárveiting færð af liðnum *framlög til skógræktar á lögbýlum*. Nettóviðbót til stofnunarinnar er því 160 milljónir króna og verða áætluð heildarútgjöld 3,79 milljarðar króna árið 2026 en ríkisframlag 3,27 milljarðar. Eyrnamerkta nettóviðbótin nemur um 4% af áætluðum heildarútgjöldum ársins.

Ekki liggur fyrir sundurliðuð stofnanaspá fyrir Land og skóg eftir 2026. Í fjármálaáætlun 2027–2031 er gert ráð fyrir að útgjaldarammi umhverfismála í heild lækki úr 40,4 milljörðum króna árið 2026 í 38,9 milljarða árið 2031 á föstu verðlagi ársins 2026. Lækkunin tengist einkum breytingum á ráðstöfun losunarheimilda og brottfalli tímabundinna verkefna og verður því ekki heimfærð beint á Land og skóg.



Mynd 4. Gróf skipting raunútgjalda 2020–2025. Ath. Tölur eru á verðlagi hvers árs. Sértæk verkefni eru bókfærð bæði meðal rekstrargjalda og tilfærslna og verða því ekki aðgreind með samræmdum hætti úr ársreikningum einum saman.

Til að varpa skýrara ljósi á ráðstöfun fjármagns eru hér dregin fram framlög og tilfærslur til fjögurra umfangsmikilla verkefna. Þau eru:

1. Nytjaskógrækt á lögbýlum
2. Varnir gegn landbroti
3. Bændur græða landið
4. Landbótasjóður

Verkefnin fela í sér beinan stuðning við framkvæmdir landeigenda, landnotenda, sveitarfélaga og félagasamtaka á sviði skógræktar, landgræðslu og varna gegn landbroti.

[22] Ársreikningar Landgræðslunnar og Skógræktarinnar 2020–2023; ársreikningar Lands og skógar 2024–2025; fjárveitingabréf Lands og skógar 2026; fjármálaáætlun 2027–2031.

Tafla 3. Framlög og tilfærslur til valinna verkefna 2020–2025 í milljónum króna.

Verkefni	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Nytjaskógrækt á lögbýlum	307,0	397,7	463,3	453,7	405,9	444,0
Varnir gegn landbroti/fyrirhleðslur	71,8	70,8	72,0	75,2	77,4	79,0
Bændur græða landið	77,3	92,8	83,2	87,2	83,5	91,1
Landbótasjóður	92,2	93,3	99,3	100,0	104,9	111,8
Samtals	**548,3**	**654,6**	**717,8**	**716,1**	**671,7**	**725,9**

Samanlögð fjárhæð verkefnanna jókst úr 548,3 milljónum króna árið 2020 í 725,9 milljónir árið 2025, eða um 32% á verðlagi hvers árs. Fjárhæðin jókst einkum á fyrri hluta tímabilsins og nam 717,8 milljónum árið 2022. Hún var nær óbreytt árið 2023, lækkaði í 671,7 milljónir árið 2024 en jókst aftur árið 2025 og var þá sú hæsta á tímabilinu.

3.4 Stöðumat á kynja- og jafnréttissjónarmiðum

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020[23] er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Í töluliðum a–l í 1. gr. laganna er gerð grein fyrir hvernig markmiði þeirra skuli náð. Í ljósi þess að í grænbók þessari er fjallað um landsáætlun í landgræðslu og skógrækt skal hér sérstaklega nefnt það sem segir í a-lið um að markmiði laganna skuli ná með því að gæta að jafnréttissjónarmiðum og vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum.

Land og skógur styður árlega fjölbreytt verkefni í landgræðslu og skógrækt. Til að meta hvort aðgangur að opinberum stuðningi kynni að vera ólíkur eftir kyni var skoðuð skráning styrkþega í þremur umfangsmiklum stuðningsverkefnum.

Styrkir Lands og skógar til lögbundinna verkefna nema 700–800 milljónum króna á ári. Fjölmargir landeigendur njóta styrkja þessara en hér að neðan er samantekt um þau þrjú verkefni þar sem þátttakendur eða styrkþegar eru flestir og hvernig hlutfallsleg skipting er að teknu tilliti til kynjasjónarmiða.

Uppgjör vegna úthlutunar úr verkefninu Nytjaskógrækt á lögbýlum sýnir að karlmenn eru skráðir fyrir rúmlega 48% þeirra, konur fyrir tæplega 16% og félög fyrir rúmlega 36%. Þess ber að geta að ofangreint sýnir einungis uppgjörsaðila en ekki þá aðila sem eru skráðir fyrir skógræktarsamningum. Þannig kann vel að vera að hjón séu bæði skráð fyrir skógræktarsamningum en uppgjörsaðili sé aðeins annað þeirra, nánar tiltekið það sem skráð er fyrir virðisaukanúmeri fyrir skógræktina. Þegar horft er til úthlutunar úr Landbótasjóði árið 2026 má sjá að þeir aðilar sem úthlutað fengu úr sjóðnum voru í 25% tilvika karlmenn, 3% tilvika konur, 3% tilvika karl og kona (hjón) og 69% tilvika lögaðilar. Eins og sjá má er langstærsti flokkurinn hér lögaðilar (félög og sveitarfélög). Ef horft er til úthlut-

[23] Lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

unar úr verkefninu Bændur græða landið (BGL) árið 2026 má sjá að þeir aðilar sem fengu úthlutað voru í rúmlega 62% tilvika karlmenn, rúmlega 12% tilvika konur og rúmlega 25% tilvika lögaðilar.

Stærstur hluti verkefna er skráður á karlmenn. Hluti þess skýrist vafalaust af því að stór hluti þátttakenda eru bændur sem hafa sótt um í nafni þess sem skráður er fyrir búrekstrinum. Karlar hafa í gegnum tíðina frekar verið skráðir fyrir rekstri en konur, hvort sem er búrekstri eða fyrirtækjarekstri, þó að það endurspegli ekki endilega raunverulega stöðu mála. Þó virðist hlutur kvenna í fyrirtækjarekstri hafa aukist frá því sem var.[24, 25] Fyrirliggjandi gögn benda með öðrum orðum til þess að karlar séu í meirihluta skráðra styrkþega í stærstu stuðningsverkefnum Lands og skógar. Þó ber að hafa í huga að skráður styrkþegi endurspeglar ekki alltaf alla aðila að rekstri eða framkvæmd verkefna og því geta gögnin gefið ófullkomna mynd af raunverulegri þátttöku kynjanna.

Við áframhaldandi þróun hvata- og stuðningsverkefna þarf að meta hvort aðgangur að verkefnum, upplýsingum og fjárhagslegum stuðningi er jafn, óháð kyni og eftir atvikum öðrum jafnréttisþáttum. Fyrirliggjandi gögn um skráða styrkþega nægja ekki ein og sér til að meta raunverulega þátttöku eða ávinning ólíkra hópa.

Hjá Landi og skógi eru nú starfandi 148 einstaklingar í 141,2 stöðugildum. Af þeim hópi eru 57% karlar (84) og 43% konur (64). Þá hefur stofnunin náð því markmiði Jafnvægisvogarinnar[26] að hlutfall hvors kyns sé að lágmarki 40% í efsta lagi stjórnunar og hlotið Jafnvægismerkið frá upphafi eða frá janúar 2024. Í töflu 4 er sýnd aldursdreifing starfsfólks eftir kynjum.

Tafla 4. Kynja- og aldursdreifing starfsfólks Lands og skógar.

Aldursbil	22–30	31–40	41–50	51–60	61–70
Karlar	13	21	9	25	16
Konur	11	15	18	15	5
Samtals	**24**	**36**	**27**	**40**	**21**

[24] Staða karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi


[25] https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/stjornarmenn-fyrirtaekja-2025/

[26] Jafnvægisvogin – FKA

3.5 Mat á árangri gildandi landsáætlunar

Mat á árangri *Lands og lífs* byggist annars vegar á mati á framgangi 27 aðgerða með hliðsjón af 50 árangursvísum (aðgerðaáætlun 2022–2026) og hins vegar mati á því hversu vel markmið stefnunnar hafa náðst. Flokkunin lýsir fyrst og fremst stöðu framkvæmdar einstakra árangursvísa.

Til að draga fram heildarmynd hafa árangursvísarnir verið flokkaðir í þrjá stöðuflokka. Sífelluverkefnum telst vera „lokið eða í föstum farvegi“ þegar framkvæmd þeirra er hafin og komin í reglubundinn farveg. Mynd 5 sýnir stöðuna eftir megináherslum, en í undirköflunum er fjallað nánar um árangur og helstu áskoranir auk þess sem staða einstakra aðgerða er rakin.



Mynd 5. Staða árangursvísa í aðgerðaáætlun Lands og lífs 2022–2026, flokkað eftir megináherslum. Súlurnar sýna hlutfall árangursvísa innan hverrar meginácherslu. Af 50 árangursvísum telst 22 (44%) lokið eða í föstum farvegi, 23 (46%) lokið að hluta eða í vinnslu og 5 (10%) teljast ekki hafnir eða óstaðfestir.

Við mat á stöðu árangursvísa er þeim skipt í þrjá flokka:

1. ***Lokið eða í föstum farvegi:*** *Nær til árangursvísa þar sem skilgreindum markmiðum hefur verið náð eða viðkomandi verkefni er komið í fastan farveg og orðið hluti af reglubundinni starfsemi.*
2. ***Lokið að hluta eða í vinnslu:*** *Nær til árangursvísa þar sem markmiðum hefur verið náð að hluta eða vinna við þau stendur yfir.*
3. ***Ekki hafið eða óstaðfest*** *Nær til árangursvísa þar sem vinna er ekki hafin eða ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar til að staðfesta framgang. Í sumum tilvikum bíður upphaf vinnu þess að nauðsynlegar forsendur liggi fyrir.*

3.5.1 Áhersluþáttur 1: Heil og fjölbreytt vistkerfi

Undir meginmarkmiðinu um heil og fjölbreytt vistkerfi voru sett markmið um:

1. Vernd heilla vistkerfa, gróðurleifa og líffræðilegrar fjölbreytni.
2. Takmörkun á röskun vistkerfa vegna landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis.
3. Eflingu náttúrulegrar útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi.

Góður framgangur hefur orðið við mótun viðmiða og leiðbeininga og við að auka þekkingu og breikka grunn hennar. Ný gæðaviðmið um val á landi til skógræktar voru gefin út árið 2025 og endurskoðuð árið 2026. Unnið er að innleiðingu þeirra í starfsemi Lands og skógar, meðal annars við mat á styrkhæfi verkefna. Vinna við leiðbeiningar um tegundaval í landgræðslu og skógrækt hefur staðið yfir frá hausti 2025 og er langt komin. Utanaðkomandi sérfræðingar hafa stýrt vinnunni og lögð hefur verið áhersla á víðtækt samráð við helstu hagaðila.

Gæðaviðmiðunum og leiðbeiningunum er ætlað að styrkja faglegan grunn landgræðslu- og skógræktarstarfs og draga úr hættu á neikvæðum áhrifum aðgerða á líffræðilega fjölbreytni. Vöktun skóga og annarra vistkerfa hefur jafnframt verið aukin og rannsóknir á áhrifum aðgerða á líffræðilega fjölbreytni standa yfir.

Hægar hefur gengið með aðgerðir sem útheimta heildstæða kortlagningu, samræmda stefnumörkun eða samstarf margra aðila. Þrátt fyrir að faglegar forsendur hafi styrkst á gildistíma stefnunnar hefur innleiðing og framkvæmd sumra aðgerða gengið hægar en áætlað var og reynst erfið. Stöðumatið bendir til þess að í sumum tilvikum hafi ekki verið nógu skýrt kveðið á um markmið, ábyrgð og mælikvarða og að tímamörk hafi verið of metnaðarfull.

Áætlun um vernd skógarleifa liggur ekki fyrir. Aðgerðir til verndar votlendi hafa aðeins komið til framkvæmda að hluta. Sömuleiðis eru rannsóknaráætlanir um áhrif aðgerða á líffræðilega fjölbreytni fyrir þurrlendi og votlendi ófullgerðar. Gerð svæðisáætlana hefur tekið lengri tíma en ráðgert var og ekki hefur tekist að móta fullnægjandi lausnir fyrir beitarstjórnun og náttúrulega útbreiðslu skóga á öllum svæðum.

Heildarmatið er því á þá leið að markmiðum megináherslunnar hafi verið náð að hluta. Mikilvægar afurðir hafa orðið til og faglegar forsendur framkvæmdar hafa styrkst, en margar aðgerðir eru enn í vinnslu. Upplýsingar um vistfræðilegan árangur eru jafnframt ekki nægilega heildstæðar til að meta hvort ástand vistkerfa hafi batnað í samræmi við framtíðarsýn stefnunnar.

Við endurskoðun landsáætlunarinnar þarf því sérstaklega að skoða hvernig styrkja megi innleiðingu hennar, meðal annars með hjálp svæðisáætlana, reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu nr. 670/2024 og reglugerðar um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026. Mæla þarf breytingar á ástandi vistkerfa og tengja vöktun betur við forgangsröðun og ákvarðanatöku.

Stöðumat einstakra aðgerða undir áhersluþætti 1, heil og fjölbreytt vistkerfi:

Aðgerð 1.1 – Verndun skógarleifa og náttúruskóga

Árangursvísir 1 – Kortlagning á skógarleifum

Árangur

Birkiskógar voru kortlagðir á árunum 2010–2014. Endurkortlagning hófst 2025 og lýkur 2029.

Staða

Skýra þyrfti betur hvað felst í hugtakinu *skógarleifar* og halda áfram að bæta við skrá um sérstæða og vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Aðgerðaáætlun um verndun skógarleifa

Árangur

Um 5% birkiskóga á Íslandi falla undir *Skrá um sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra*, sem kom út í júní 2025.[27], en enn vantar aðgerðaáætlun um verndun skógarleifa.

Staða

Í nánustu framtíð væri rétt að útbúa sérstaka áætlun um verndun skógarleifa, og gæti hún verið liður í svæðisáætlunum í landgræðslu og skógrækt.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 1.2 – Verndun votlendis

Árangursvísir 1 – Fræðsluáætlun og fræðslu- og kynningarefni fyrir sveitarfélög og landeigendur

Árangur

Gefinn var út fræðslubæklingur um vernd og endurheimt mýra – *Mýrar Íslands*[28].

Staða

Enn hefur fræðsluáætlun í málaflokknum ekki verið mótuð og þarf að bregðast við því. Í kjölfar hennar yrði fræðsluefni sniðið að sveitarfélögum og landeigendum.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 2 – Staða aðgerða í samræmi við tímasetta verkáætlun í aðgerðaáætlun stjórnvalda um verndun votlendis

Árangur

Af átta aðgerðum sem voru á ábyrgð Lands og skógar er fjórum lokið, tvær voru felldar niður og tvær eru enn í vinnslu.

Staða

Ljúka þarf forgangsröðun svæða til endurheimtar votlendis og auka þarf fræðslu til landeiganda og sveitarfélaga um vernd votlendis.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

[27] Skrá um sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra

[28] Mýrar Íslands – Fræðslubæklingur um vernd og endurheimt mýra

Aðgerð 2.1 – Rannsóknir á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni

Árangursvísir 1 – Rannsóknaráætlun

Árangur	Staða	
Rannsóknaráætlun um áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni var skilað árið 2023.	Rannsóknum á áhrifum skógræktar er ýmist lokið eða verið er að vinna úr niðurstöðum *Skógvistar II*. Unnið er að því að taka saman gögn um áhrif landgræðsluaðgerða Lands og skógar á líffræðilega fjölbreytni og í kjölfarið verður sett fram framtíðar rannsóknaráætlun.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 2 – Rannsóknir á áhrifum útbreiðslu innfluttra trjátegunda á líffræðilega fjölbreytni

Árangur	Staða	
Nokkrar ritrýndar greinar hafa verið birtar um þessi efni.[29, 30] Í smíðum er grein um útbreiðslu innfluttra trjátegunda upp úr mælingum *Íslenskrar skógarúttektar* (ÍSÚ).	Þörf er á frekari rannsóknum, enda er náttúran síkvik og þar með talið samspil lífríkisins og innfluttra trjátegunda.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 3 – Rannsóknir á áhrifum uppgræðslu lands og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni.

Árangur	Staða	
Í verkefninu *Mýralífi* er safnað upplýsingum um líffræðilega fjölbreytni í votlendi. Í verkefninu *CO_2LUR* var það sama gert fyrir landgræðslusvæði. Í rannsóknarverkefninu *ReWet* eru skoðuð áhrif endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni og fleira.	Niðurstöður núverandi verkefna hafa verið kynntar á fjölda ráðstefna innanlands og erlendis, en engar ritrýndar greinar hafa enn verið birtar. Þörf er á aukinni áherslu á rannsóknir á áhrifum uppgræðsluaðgerða.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 2.2 – Gerð áhættumats á notkun algengustu trjátegunda í skógrækt

Árangursvísir 1 – Áhættumat fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt

Árangur	Staða	
Tveir utanaðkomandi sérfræðingar stýra vinnu við framkvæmd áhættumats fyrir tegundir í skógrækt og landgræðslu á Íslandi, sérstaklega með tilliti til áhrifa á líffræðilega fjölbreytni í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2030.	Niðurstaðna er beðið. Til skoðunar er staða þekkingar, reglur og viðmið um þessi efni bæði hérlendis og alþjóðlega. Gert er ráð fyrir að vinnu að áhættumatinu ljúki á árinu 2027.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

[29] Riege, D.A., Sigurgeirsson, A., Kjartansson, B.Þ. et al. Pinus contorta colonization and biomass accumulation in lands adjacent to plantations in Iceland. New Forests 56, 68 (2025)

[30] Wasowicz, P., Óskarsdóttir, G., Þórhallsdóttir, Þ.E. et al. Lodgepole pine in Iceland: biomass gains cannot be interpreted without ecological costs. Response to Riege et al., New Forests 57, 4 (2026)

Árangursvísir 2 – Leiðbeiningar fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt.

Árangur	Staða	
Efni í leiðbeiningarnar er í mótun hjá vinnuhópi sem skipaður var í október 2025.	Stefnt er að útgáfu leiðbeininga um tegundaval í landgræðslu og skógrækt veturinn 2026–2027. Leiðbeiningarnar verða eftir atvikum endurskoðaðar þegar áhættumat verður fullbúið.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 2.3 – Ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar

Árangursvísir 1 – Útgáfa og innleiðing nýrra gæðaviðmiða við nýræktun skóga.

Árangur	Staða	
Ný gæðaviðmið um val á landi til skógræktar voru gefin út 2025. Önnur útgáfa kom út í maí 2026.	Við mat á styrkhæfni verkefna skv. reglugerð nr. 50/2026 um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt er tekið mið af gæðaviðmiðunum. Stofnunin vinnur jafnframt eftir þeim og stendur nú yfir mat á reynslu af beitingu þeirra og eftirfylgni.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Aðgerð 2.4 – Líffræðileg fjölbreytni í Íslenskri skógarúttekt

Árangursvísir 1 – Tillaga að nýrri útfærslu Íslenskrar skógarúttektar

Árangur	Staða	
Í ÍSÚ hefur verið aukið við vöktun á þáttum sem notaðir eru til að meta líffræðilega fjölbreytni. Nú þegar eru flest ákvæði í náttúruendurheimtarlöggjöf ESB[31] sem eiga við um íslenskar aðstæður hluti ÍSÚ. Unnið er að því að bæta fuglaathugunum og ítarlegri jarðvegssýnatöku við ÍSÚ.	Athuganir á fuglum eru í þróun í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Áformað er að nýta greiningar á umhverfis-DNA til að rannsaka breytileika líffræðilegrar fjölbreytni í ólíkum skóglendisbúsvæðum.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

[31] e. Nature restoration law

Aðgerð 3.1 – Breytingar á beitarstjórnun

Árangursvísir 1 – Greining á hvar leggja eigi áherslu á að auka útbreiðslu náttúruskóga og sjálfgræðslu lands

Árangur

Land og skógur á aðild að verkefninu *BirkiVist*[32], þar sem rannsakað er landnám og útbreiðsluhraði birkis, unnið að gerð spálíkana, skilgreiningum á viðmiðunarvistkerfum og útlistun einfaldra aðgerða til að hrinda af stað útbreiðslu birkis og fleira sem snýr að endurheimt birkiskóga.[33]

Staða

Beðið er innleiðingar á reglugerð nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu. Greining á þessum atriðum verður einnig hluti af svæðisáætlunum í landgræðslu og skógrækt, sem enn eru í vinnslu.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 2 – Skilgreindur stuðningur við bændur, sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga til að móta tillögur um að efla útbreiðslu náttúruskóga

Árangur

Ný reglugerð nr. 50/2026 lýtur meðal annars að því að efla útbreiðslu náttúruskóga með stuðningi við bændur og aðra landeigendur. Gert er ráð fyrir að frumkvæði og tillögur komi frá þeim.

Staða

Í svæðisáætlunum í landgræðslu og skógrækt verður bent á leiðir til þess að stuðla að útbreiðslu náttúruskóga. Það snýr að sveitarfélögum og landshlutasamtökum þeirra, bændum og öðrum landeigendum. Skoða þarf hvernig þessari aðgerð má finna stað í sóknaráætlunum landshluta. Móta þarf sérstaklega ramma fyrir stuðning við ofangreinda aðila til þess að móta tillögur.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 3.2 – Vakta skóga landsins

Árangursvísir 1 – Útbreiðsla og heilsa náttúruskóga (úttekt á 10 ára fresti).

Árangur

Úttekt á útbreiðslu, heilsu og vexti náttúrulegra birkiskóga er gerð og tekur hver úttektarlota fimm ár.

Staða

Núverandi lota hófst 2025 og lýkur 2029. Skaðvaldar á birki eru einnig vaktaðir árlega. Útbúa þarf mælikvarða á heilsufar birkiskóga. Það verður hægt að afstaðinni umræddri birkiúttekt árið 2029. Eftir úttektina mun samanburður á henni og fyrri úttektinni 2015–2021 gefa upplýsingar um breytingar á kolefnisforða, útbreiðslu og heilsu náttúruskóga.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

[32] https://birkivist.is/

[33] Behrend, A. M. (2025). Patterns and processes of birch establishment in space and time: Implications for large-scale woodland restoration. PhD thesis, Agricultural University of Iceland, 76 pages. ISBN 978-9935-512-61-1

Árangursvísir 2 – Flatarmál skóglendis sem er friðað fyrir beit (úttekt á 10 ára fresti).

Árangur	Staða	
Heildstæð úttekt á flatarmáli skóglendis sem er friðað fyrir beit liggur ekki fyrir. Í Íslenskri skógarúttekt (ÍSÚ) er skráð hvort beit á sér stað innan mælireita, bæði í ræktuðum skógum og birkiskógum. Gögnin má meðal annars nýta til að kanna hvort sjálfsáning er meiri þar sem beit er ekki skráð, en þau nægja ekki ein og sér til að ákvarða flatarmál beitarfriðaðs skóglendis.	Í samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið er unnið að nákvæmari kortlagningu beitarsvæða sauðfjár í tengslum við reglugerð nr. 511/2018 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Að því loknu verður mögulegt að greina betur flatarmál friðaðs skóglendis.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

3.5.2 Áhersluþáttur 2: Náttúrumiðaðar lausnir

Náttúrumiðaðar lausnir eru aðgerðir sem felast í að vernda, viðhalda með sjálfbærum hætti eða endurheimta vistkerfi í þeim tilgangi að takast á við samfélagsleg úrlausnarefni til hagsbóta fyrir bæði fólk og líffræðilega fjölbreytni.

Undir þessari megináherslu var meðal annars stefnt að því að vernda og auka kolefnisforða vistkerfa, efla viðnámsþrótt þeirra og nýta náttúrumiðaðar lausnir í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis til að takast á við loftslagsbreytingar og önnur úrlausnarefni samfélagsins. Jafnframt var stefnt að því að bæta upplýsingar um ástand vistkerfa, kolefnisforða og árangur aðgerða.

Mest hefur miðað áfram verkefnum sem snerta gögn, vöktun og aðferðafræði. Kolefnisjöfnuður vegna losunarbókhalds í loftslagsmálum er metinn og uppfærður reglulega.[34] Í Íslenskri skógarúttekt er metið flatarmál og kolefnisbinding ræktaðra skóga. Árið 2024 var flatarmál þeirra um 57.100 hektarar og árleg kolefnisbinding um 534 þúsund tonn CO_2-ígilda. Flatarmál náttúruskóga hefur einnig verið metið og nam það um 1.580 km² árið 2024. Betri vöktun og kortlagning náttúruskóga sýnir nú útbreiðslu þeirra með nákvæmari hætti en áður. Þótt víða hafi fundist birki sem ekki var kortlagt áður er ljóst að útbreiðsla þess er enn langt frá langtímamarkmiðum um aukna skógarþekju og endurheimt birkiskóga. Rannsóknir, skráning og vöktun sem tengist tegunda- og kvæmanotkun, skógarsköðum, vexti og þrifum trjáa nýtist jafnframt við aðlögun skóga að loftslagsbreytingum. Á undanförnum árum hefur nokkur vinna verið lögð í kynningu á eldvörnum í skóglendi og fræðslu um þær. Almennt er hugað að þessum þætti við skipulag nýræktar og umhirðu í skógum.

Hægar hefur gengið í beinum endurheimtaraðgerðum og við öflun þeirra grunnupplýsinga sem nauðsynlegar eru til að forgangsraða aðgerðum. Umfang endurheimtar vistkerfa á röskuðu landi er langt frá settum markmiðum fyrir tímabilið eins og skráning framvindu sýnir, sérstaklega hvað votlendi varðar. Meðal þátta sem ætla má að hafi hægt á framkvæmd þessa liðar er skortur á áhuga meðal landeigenda vegna óvissu um fjárhagslegan ávinning, arðsemi og fjármögnun. Jafnframt ber að hafa í huga að tiltölulega stutt er síðan markviss opinber stuðn-

[34] Umbótaáætlun 2025–2027

ingur við endurheimt votlendis kom til sögunnar á Íslandi. Fyrstu árin hafa því að verulegu leyti farið í að byggja upp þekkingu, þróa aðferðir, kortleggja möguleg framkvæmdarsvæði og skapa faglegar forsendur fyrir stærri og umfangsmeiri aðgerðum. Þótt minna hafi orðið úr framkvæmdum en stefnt var að hefur verið lagður mikilvægur grunnur að auknu umfangi votlendisverkefna á komandi árum.

Árið 2025 var hafinn undirbúningur sérstaks átaks um vernd og endurheimt votlendis og birkivistkerfa á ríkisjörðum sem ætlað er að auka umfang aðgerða á næstu árum. Haustið 2026 var votlendi endurheimt á 225 hekturum á fimm ríkisjörðum. Sem stendur er fyrirhuguð eða nú þegar í framkvæmd endurheimt votlendis á um 329 hekturum á jörðum í einkaeigu.

Grunninnviðir fyrir vottaðar kolefniseiningar og skráningu þeirra hafa byggst upp. Enn er hins vegar óvissa um opinbera umgjörð, eftirspurn og hvernig slíkar einingar tengjast loftslagsmarkmiðum og opinberri stefnu. Því hefur ekki enn tekist að virkja möguleika kolefnismarkaða til fulls við fjármögnun náttúrutengdra verkefna.[35]

Gerð korta af vistgetu og kolefnisforða bíður þess að heildstætt jarðvegskort liggi fyrir, en sú vinna er enn á undirbúningsstigi. Markvissar áætlanir um frekari útbreiðslu náttúruskóga og notkun náttúrumiðaðra lausna vegna náttúruvár bíða jafnframt að hluta eftir svæðisáætlunum í landgræðslu og skógrækt.

Af framansögðu sést að markmið meginákerslunnar hafa náðst að hluta. Mikilvægur árangur hefur náðst í vöktun, gagnaöflun og þróun aðferðafræði, en umfang beinna endurheimtaraðgerða er minna en stefnt var að og mikilvægir uppdrættir, svæðisáætlanir og opinber umgjörð kolefnismarkaðar liggja ekki að fullu fyrir. Í næstu aðgerðaáætlun þarf því að leggja aukna áherslu á framkvæmd, fjármögnun, forgangsröðun svæða og mælanlegan vistfræðilegan árangur. Árangur hefur fyrst og fremst verið metinn út frá kolefni og flatarmáli. Upplýsingar skortir um aðra vistkerfisþjónustu sem tilgreind er í stefnunni, svo sem jarðvegsvernd, miðlun vatns, skjól og vernd gegn náttúruvá. Einnig skortir upplýsingar um neikvæð áhrif, til dæmis útbreiðslu ágengra tegunda. Í næstu aðgerðaáætlun ætti að skilgreina vísa fyrir vistkerfisþjónustu.

Stöðumat einstakra aðgerða undir áhersluþætti 2, Náttúrumiðaðar lausnir:

Aðgerð 4.1 – Vistgetukort þurrlendis og votlendis

Árangursvísir 1 – Drög að vistgetukorti fyrirliggjandi 2026.

Árangur	**Staða**
Ekki fyrirliggjandi en gagna er aflað.	Hægt verður að fullvinna vistgetukort þegar nýtt jarðvegskort fyrir Ísland liggur fyrir.

EKKI HAFIÐ EÐA ÓSTAÐFEST

[35] Markaðsaðstæður og fjármögnun náttúrutengdra verkefna

Aðgerð 4.2 – Kolefnisforðakort

Árangursvísir 1 – Dróg að kolefnisforðakorti fyrirliggjandi árið 2024

Árangur	Staða	
Ekki fyrirliggjandi en gagna er aflað.	Kolefnisforðakort verður byggt á jarðvegskorti sem enn er í vinnslu.	EKKI HAFIÐ EÐA ÓSTAÐFEST

Aðgerð 4.3 – Mat á kolefnisjöfnuði fyrir losunarbókhald í loftslagsmálum

Árangursvísir 1 – Staða aðgerða í samræmi við tímasetta verkáætlun í umbótaáætlun 2020–2023 vegna bókhalds Íslands um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis vegna landnotkunar.

Árangur	Staða	
Gefin hefur verið út uppgjörsskýrsla fyrir árin fyrir umbótaáætlun 2020–2023.[36] Í ágúst 2026 var umbótaáætlun 2025–2027 gefin út með samantekt á helstu umbótum í árlegum NID-skýrslum.[37]	Lokið.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Árleg samantekt á stöðu og niðurstöðum rannsókna og niðurstöðum losunarbókhalds fyrir landnotkun.

Árangur	Staða	
Árlega er skilað inn uppfærðu losunarbókhaldi fyrir landnotkun, ásamt niðurstöðum rannsókna sem liggja því til grundvallar, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Niðurstöður eru birtar hjá UNFCCC.[38]	Sífelluverkefni.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

[36] Uppgjörsskýrsla fyrir árin fyrir umbótaáætlun 2020–2023

[37] Umbótaáætlun 2025–2027

[38] https://unfccc.int/ghg-inventories-annex-i-parties/2026

Aðgerð 4.4 – Rammi um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun

Árangursvísir 1 – Tillögur til ráðherra um hlutverk og aðkomu stjórnvalda varðandi útfærslu ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga

Árangur

Helstu tæknilegir og markaðslegir innviðir fyrir viðskipti með vottaðar kolefniseiningar hafa þegar verið byggðir upp. Þar má nefna kröfusett og aðferðafræði Skógarkolefnis fyrir nýskógrækt, aðferðafræði Mýrkols fyrir endurheimt votlendis og Loftslagsskrá Íslands. Fyrir aðrar aðgerðir, t.d. endurheimt þurrlendis og landbúnað, hefur ekki verið mótaður rammi.

Staða

Helst skortir á skýra umgjörð um hlutverk og notkun vottaðra kolefniseininga í loftslagsaðgerðum, auk þess sem eftirspurn er takmörkuð. Í febrúar 2026 kom út skýrslan *Markaðsaðstæður og fjármögnun náttúrutengdra verkefna* með stefnumótandi tillögum um hvernig virkja mætti einkaframtakið til að styðja við loftslagsmarkmið Íslands.[39]

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Aðgerð 4.5 – Endurheimt vistkerfa á röskuðu landi

Árangursvísir 1 – Stærð endurheimtarsvæða (ha) (árleg úttekt)

Árangur

Árin 2022–2024 fóru endurheimtaraðgerðir fram á 12–13 þúsund hekturum árlega, og á 13.250 hekturum árið 2025. Á þetta við um bæði ný svæði og svæði sem unnið hefur verið á áður.

Staða

Skráningum framkvæmda ársins 2026 er ekki lokið. Tölum er safnað eftir því sem þær liggja fyrir.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Flatarmál nýrra endurheimtarsvæða verði um 50 þúsund ha árið 2026

Árangur

Flatarmál nýrra endurheimtarsvæða 2021–2025 var 14.700 hektarar, eða tæplega 30% af 50.000 hektara markmiðinu fyrir 2026.

Staða

Skráningum framkvæmda ársins 2026 er ekki lokið. Tölum er safnað eftir því sem þær liggja fyrir.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

[39] Markaðsaðstæður og fjármögnun náttúrutengdra verkefna

Aðgerð 4.6 – Endurheimt votlendis

Árangursvísir 1 – Hektarar votlendis endurheimtir árlega

Árangur

Árin 2022–2025 hefur verið unnið að endurheimt frá tveimur og upp í rúmlega 100 hektara votlendis hvert ár. Mikill áramunur er á. Á tímabilinu fór jafnframt fram umfangsmikil undirbúningsvinna sem hefur skapað forsendur fyrir því að auka verulega umfang endurheimtar votlendis á næstu árum.

Staða

Á árinu 2026 var hafin endurheimt votlendis á alls rúmlega 554 hekturum, þar af 225 á ríkisjörðum og 329 á jörðum í einkaeigu. Árið 2027 er fyrirhuguð endurheimt á alls 1.177 hekturum lands, þar af 372 hekturum innan ríkisjarðaverkefnisins. Stór hluti annarra svæða fellur undir Mýralíf.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 2 – Að lágmarki 5.300 ha af röskuðu votlendi endurheimtir árið 2026

Árangur

Markmið náðist ekki, en samtals er á árunum 2022–2026 áætlað að hafin verði endurheimt á um 595 hekturum af röskuðu votlendi.

Staða

Unnið er að því að auka hvata til endurheimtar votlendis á einkalöndum, m.a. gegnum verkefnið Mýrkol. Ríkið hefur hafið átak í endurheimt votlendis á ríkisjörðum.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 4.7 – Endurheimt náttúruskóga

Árangursvísir 1 – Flatarmál náttúruskóga samkvæmt Íslenskri skógarúttekt

Árangur

Flatarmál náttúrulegs birkis á Íslandi var 150.600 hektarar samkvæmt kortlagningu 2010–2014. Sú aukning sem á sér stað eftir það er metin út frá aukningu sem átti sér stað milli 1989 og 2012, sem voru 540 hektarar á ári. Samkvæmt því var reiknað flatarmál náttúruskóga árið 2024 samtals um 1.578,80 km², eða 157.880 hektarar.

Staða

Náttúrulegt birki á Íslandi var kortlagt 2010–2014 og þá fékkst útbreiðslan sem miðað er við nú. Til að fá nýja stöðu útbreiðslu verður farið í nýja kortlagningu á öllu náttúrulegu birki landsins og hófst sú kortlagning 2025.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Afmörkun svæða þar sem unnið er að endurheimt náttúruskóga

Árangur	Staða	
Samanlagt flatarmál skráðra verkefnasvæða þar sem birki var gróðursett á tímabilinu 2022–2026 er 30 km², eða 3.000 hektarar. Á verkefnasvæðum er gróðursett í um 25% flatarmáls og því verða endurheimtarsvæði í raun a.m.k. fjórfalt stærri þegar birkið hefur sáð sér út að fullu í svæðin. Með beitar-friðun lands verður einnig hægt að auka flatarmál endurheimtarsvæða verulega.	Unnið er að endurheimt náttúruskóga með gróðursetningu birkis. Á framkvæmda-svæðum er birki gróðursett í trjálundi og stuðlað að náttúrulegri framvindu þaðan.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 3 – 2.500 km² skilgreindir fyrir endurheimt náttúruskóga árið 2026

Árangur	Staða	
Íslendingar taka þátt í Bonn-áskoruninni[40] þar sem stefnt er að útbreiðslu birkiskóga á 5% landsins. Til að mæta því þarf flatarmál svæða þar sem endurheimt birkiskóga er hafin að aukast um 3.500 km². Unnið er að skilgreiningu Bonn-svæða og þegar hafa nokkur verið skilgreind svo sem Hekluskóga-svæðið (1.000 km²) og Hólasandur (130 km²). Unnið er að skilgreiningu fleiri svæða.	Leggja þarf í vinnu við undirbúning og kynningu á fleiri svæðum til að árangursvísir náist. Stækkun flatarmáls getur bæði falið í sér gróðursetningu birkis, uppgræðslu og friðun lands fyrir beit.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 4.8 – Skógrækt

Árangursvísir 1 – Stærð ræktaðs skóglendis (ha)

Árangur	Staða	
Flatarmál ræktaðra skóga árið 2022 var 54.993 hektarar en var árið 2025 komið í 58.367 hektara.	Tölur liggja fyrir.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Árleg kolefnisbinding í skógum (kt. CO_2-ígilda)

Árangur	Staða	
Árleg kolefnisbinding í skógum miðað við árið 2024 nam 534,17 kílótonnum CO_2-ígilda.	Tölur liggja fyrir.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

[40] Stjórnarráðið | Meir en þreföldun í endurheimt birkiskóga 2030

Árangursvísir 3 – 15.000 ha nýir ræktaðir skógar árið 2031

Árangur

Á árunum 2022–2026 jókst það um 1.200 hektara á ári.

Staða

Árleg gróðursetning frá 2022–2026 er um 1.200 hektarar á ári af trjátegundum öðrum en birki, sem eru um 300 hektarar á ári og telst sem hluti af endurheimt náttúruskóga. Með sömu aukningu á flatarmáli ræktaðra skóga ætti flatarmál að aukast um 12.000 hektara til ársins 2031. Því mun árangursvísir 3 ekki nást að fullu.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Aðgerð 5.1 – Aðlögun skóga að loftslagsbreytingum

Árangursvísir 1 – Tegunda- og kvæmanotkun í skógrækt (árleg úttekt).

Árangur

Fyrir liggur allt að því tæmandi skráning á því hvað er framleitt og hvað gróðursett. Annað hvert ár er send skýrsla um þessi efni til NORDGEN[41]. Á seinustu árum hafa skráningaraðferðir verið bættar og skráning orðið rafræn (ArcGIS).

Staða

Skráning almennt góð og gögn liggja fyrir.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Skógarskaðar (árleg úttekt)

Árangur

Skógarskaðvaldar hafa verið vaktaðir skv. núverandi venju. Á seinustu árum hefur aðferðafræðin verið bætt og skráning orðið rafræn (ArcGIS).

Staða

Næstu skref eru þróun og samræming skráningar skaðvalda, sem mun meðal annars fara fram í gegnum IceNAP.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 3 – Niðurstöður rannsókna á vexti og þrifum trjáa

Árangur

Nokkrar stórar tilraunir hafa verið gerðar á kvæmum allra þeirra trjátegunda sem eru í mestri notkun hérlendis. Nokkrar þeirra hafa verið mældar nýverið og fyrir liggja nýjar upplýsingar um besta efniviðinn en vantar að gera heildstætt aðgengilegt yfirlit með uppfærðri þekkingu.

Staða

Hluti af IceNAP-verkefninu verður að gera yfirlit og tillögur að tegunda- og kvæmanotkun fyrir framtíðina byggt á niðurstöðum kvæmarannsókna og spám um þróun veðurfars á næstu áratugum. Samhliða verður unnið að uppbyggingu frægarða með úrvalsefni sem talið er hafa seiglu til að þola loftslagsbreytingar.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

[41] Nordea: Statistic reports and other articles

Aðgerð 5.2 – Náttúrumiðaðar lausnir til að draga úr áhrifum náttúruvár í skipulagsvinnu sveitarfélaga

Árangursvísir 1 – Svæðis- og landshlutaáætlanir[42] liggja fyrir og í þeim er lögð áhersla á mikilvægi náttúrumiðaðra lausna til að draga úr áhrifum náttúruvár og sem lið í aðlögun að loftslagsbreytingum.

Árangur	Staða	
Gerð hefur verið ein svæðisáætlun (fyrir Reykjanesbæ) sem tilraunaverkefni.	Stefnt er að því að vinna alls átta svæðisáætlanir fyrir landið allt. Þessar áætlanir taka í fyrsta lagi til landgræðslu og skógræktar, en eðli málsins samkvæmt snúa þær einnig að náttúrumiðuðum lausnum til að draga úr áhrifum náttúruvár og aðlögun að loftslagsbreytingum.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

3.5.3 Áhersluþáttur 3: Sjálfbær landnýting

Undir megináherslunni um sjálfbæra landnýtingu var stefnt að því að landnýting tæki mið af ástandi og getu vistkerfa og að umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg sjálfbærni lægi henni til grundvallar.

Mestur framgangur hefur orðið við mótun samræmds ramma um mat á ástandi lands og vöktun landnýtingar. Kerfisbundin vöktun þurrlendis hefur verið innleidd og uppbygging vöktunar votlendis er hafin. Almennri kortlagningu votlendis lauk árið 2024 og vöktun er hafin á 80 af 500 fyrirhuguðum reitum. Reglugerð nr. 670/2024 setur jafnframt laga- og stjórnsýslulegan ramma fyrir sjálfbæra landnýtingu sem tekur meðal annars til beitar, akuryrkju, framkvæmda og umferðar fólks og ökutækja.

Með reglugerðinni hefur verið komið á samræmdri flokkun lands eftir ástandi þess og sett fram viðmið um nýtingu. Flokkunin er byggð á mati á ástandi lands og felur meðal annars í sér sérstök viðmið fyrir land í mjög slæmu ástandi. Leiðbeiningar eru lengst komnar fyrir beitarnýtingu, meðal annars um að draga úr búfjárbeit á landi í mjög slæmu ástandi. Gildandi landbótaáætlanir eru til endurskoðunar í samræmi við reglugerðina og með þeim skapast forsendur fyrir samræmdara verklagi við mat á ástandi lands og sjálfbærni nýtingar.

Innleiðingu reglugerðarinnar er þó ekki lokið en gert er ráð fyrir að svo verði á komandi misserum. Útfærsla vegna annarrar landnýtingar en beitar er enn almenn. Aðgerðir sem snúa að landi sem telst ekki hæft til beitar hafa jafnframt ekki komið að fullu til framkvæmda og verða mikilvægur þáttur í áframhaldandi innleiðingu reglugerðarinnar. Því liggja enn ekki fyrir nægar upplýsingar til að meta hvort nýr stjórnsýslulegur rammi hefur þegar leitt til mælanlegra breytinga á landnýtingu eða ástandi vistkerfa.

[42] Hugtakanotkun hefur breyst með lagabreytingum. Í eldri lögum um landgræðslu var talað um svæðisáætlanir en í eldri lögum um skóga og skógrækt um landshlutaáætlanir. Hugtökin hafa verið samræmd og nú er talað um svæðisáætlanir í báðum tilvikum.

Heildarmatið er að markmiðum meginákerslunnar hafi verið náð að hluta. Mikilvægur grunnur hefur verið lagður með aukinni vöktun, kortlagningu og nýju regluverki, en full innleiðing og eftirfylgni er forsenda þess að unnt verði að meta raunverulegan árangur. Á næsta tímabili þarf sérstaklega að ljúka innleiðingu, þróa nánari viðmið fyrir fleiri tegundir landnýtingar og tengja upplýsingar um landnýtingu með skýrari hætti við mælanlegar breytingar á ástandi lands.

Stöðumat einstakra aðgerða undir áhersluþætti 3, Sjálfbær landnýting:

Aðgerð 6.1 – Þurrlendi og votlendi landsins kortlagt m.t.t. ástands vistkerfa

Árangursvísir 1 – Kortlagningu votlendis lokið árið 2024.

Árangur	Staða	
Vöktun dreifðra, fastra mælireita er góð leið til að fá mynd af útbreiðslu og ástandi vistkerfa. Þurrlendi er nú vaktað kerfisbundið (Grólind – um 1.000 reitir, endurmælingar hófust 2025). Útsetning vöktunarpunkta fyrir ástand votlendis er hafin. Hafin er vinnsla við kortleggja ástand þurrlendis á landsvísu.	Verið er að vinna að uppsetningu reita og fyrstu mælingar fyrir kerfisbundna vöktun á votlendi (Mýrland). Settir hafa verið upp 80 reitir af 500. Uppsetningu lýkur eftir 2030 og endurmælingar hefjast 2035. Þegar fyrstu mælingum er lokið er hægt að kortleggja ástand votlendis á landsvísu.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 6.2 – Innleiðing reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu

Árangursvísir 1 – Gerð og innleiðing nýrrar reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu

Árangur	Staða	
Reglugerð nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu tók gildi í september 2024.	Unnið er að innleiðingu reglugerðarinnar. Árið 2026 hefur meginákerslan verið á þann hluta hennar sem varðar beitarnýtingu en gert er ráð fyrir frekari útfærslu annarra þátta landnýtingar frá 2027.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 6.3 – Beitarfriðun á óbeitarhæfu landi

Árangursvísir 1 – Hlutfall beitarnýtingar (% beitilands) sem uppfyllir viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Árangur	Staða	
Er í bið.	Mat á þessum árangursvísi getur hafist þegar sá hluti reglugerðarinnar sem varðar beitarnýtingu hefur verið innleiddur og nauðsynleg gögn liggja fyrir.	EKKI HAFIÐ EÐA ÓSTAÐFEST

3.5.4 Áhersluþáttur 4: Þekking, samstarf og lýðheilsa

Undir meginákerslunni um þekkingu, samstarf og lýðheilsu var stefnt að því að efla þátttöku hagaðila í undirbúningi og framkvæmd landgræðslu og skógræktar, auka þekkingu almennings á mikilvægi virkra vistkerfa og styrkja hlutverk skóga í útivist og lýðheilsu.

Mestur framgangur hefur orðið við endurskoðun og samþættingu samstarfsverkefna með bændum og landeigendum. Með reglugerð um hvata- og verkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026 hafa skapast forsendur fyrir samræmdari verkferlum, heildstæðari ráðgjöf og markvissari nýtingu fjármuna. Reglugerðin

gerir jafnframt kleift að líta heildstætt á samstarfsverkefni í landgræðslu og skógrækt sem áður voru rekin í aðskildum farvegi. Um 1.150 samningar við landeigendur og aðra þátttakendur eru í gildi innan hvata- og stuðningskerfanna. Fjöldi samninga gefur vísbendingu um umfang samstarfsins en segir ekki einn og sér til um virkni verkefna eða árangur þeirra.

Samstarf við félagasamtök hefur jafnframt verið styrkt. Samningur um Landgræðsluskóga styður við ræktun fjölbreyttra skóga á lítt grónu landi, meðal annars með útivist almennings að markmiði. Samstarf við Skógræktarfélag Íslands hefur verið styrkt og fært í fastari skorður, bæði hvað varðar skráningu skógræktarverkefna aðildarfélaga SÍ og önnur verkefni sem miða að eflingu skógræktar, aukinni þátttöku almennings og uppbyggingu hins félagslega geira skógræktar. Með samkomulagi Lands og skógar, Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur verður Mógilsá áfram mikilvæg miðstöð skógræktar, rannsókna, fræðslu og samfélagslegrar þátttöku, þrátt fyrir að Land og skógur verði þar ekki lengur með fasta starfstöð. Með því er tryggð áframhaldandi nýting staðarins sem vettvangs þekkingarmiðlunar, samstarfs og tengslamyndunar í skógargeiranum og milli skógræktar og almennings.[43]

Fræðsla um ástand og endurheimt vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbæra landnýtingu fer fram með verkefnum, námskeiðum, vefefni og útgáfu í fagblöðum og -tímaritum. Jafnframt hefur verið lögð aukin áhersla á miðlun þekkingar til annarra fagaðila, meðal annars starfsfólks náttúrustofa, verkfræðistofa og sveitarfélaga, með endurmenntun og námskeiðum, svo sem um endurheimt votlendis. Þá er unnið að því að efla samstarf við háskólasamfélagið, til dæmis með þróun örnáms á sviði endurheimtar vistkerfa sem áformað er að hefjist haustið 2027.

Veikleikar liggja einkum í mati á árangri samstarfsins. Virkni þeirra samninga sem eru í gildi er mismikil og upplýsingar um afurðir, niðurstöður og langtímaáhrif þeirra eru ekki nægilega samræmdar, sérstaklega hvað varðar landgræðsluverkefni þar sem árangursmat er að hluta til ófullkomið. Einnig liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um hvort fræðsla hafi aukið þekkingu almennings og að hve miklu leyti skógræktarverkefni hafi aukið möguleika til útivistar og stuðlað að lýðheilsu. Fræðsla og miðlun er jafnframt dreifð og svigrúm er til að gera hana markvissari og aðgengilegri.

Heildarmatið er að markmiðum megináherslunnar hafi verið náð að hluta. Umfangsmikið samstarfsnet hefur byggst upp og stjórnsýsluforsendur þess hafa styrkst, en skortur á samræmdu árangursmati takmarkar möguleika á að leggja mat á útivist eða áhrif samstarfsverkefna og fræðslu. Við endurskoðunina þarf því sérstaklega að skoða hvernig skilgreina megi skýrar væntanlegar niðurstöður, mælikvarða og eftirfylgni, samhliða því að efla fræðslu og samfélagsþátttöku.

[43] Mógilsá, miðstöð skógræktar, fræðslu og samfélagslegrar þátttöku

Stöðumat einstakra aðgerða undir áhersluþætti 4, Þekking, samstarf og lýðheilsa:

Aðgerð 7.1 – Þátttökunálganir og samstarf

Árangursvísir 1 – Endurskoðað stuðningskerfi fyrir verkefni í landgræðslu og skógrækt.

Árangur	Staða	
Út er komin reglugerð um hvata- og stuðningskerfi í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026.	Land og skógur vinnur að innleiðingu reglugerðarinnar.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 2 – Fjöldi landeigenda og félagasamtaka í formlegu samstarfi (árleg úttekt)

Árangur	Staða	
Tekið saman árlega. Þetta eru þátttakendur í Bændur græða landið (BGL), verkefni sem fá styrk úr Landbótasjóði, landeigendur sem fá styrk til að varna landbroti, landeigendur sem endurheimta votlendi, bændur með virkan samning um skógrækt á lögbýlum og svo framvegis.	Tölur liggja fyrir og er að finna í ársritum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar fram til ársins 2023 og í ársskýrslu Lands og skógar frá 2024.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Aðgerð 8.1 – Uppbygging og viðhald skóga í nágrenni þéttbýlis

Árangursvísir 1 – Umfang ræktunar skóga á vegum skógræktarfélaga (úttekt á fimm ára fresti)

Árangur	Staða	
Tölum um gróðursetningar er safnað árlega.	Samningur var gerður árið 2026 við Skógræktarfélag Íslands um að félagið safnaði þessum upplýsingum saman árlega fyrir stofnunina.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Endurskoðaður samningur um landgræðsluskóga.

Árangur	Staða	
Nýr samningur var undirritaður 15. maí 2024.	Samningur liggur fyrir.	LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Aðgerð 8.2 – Gerð kynningar- og fræðsluefnis um ástand vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbæra landnýtingu

Árangursvísir 1 – Samantekt og tillögur um samhæfingu kynningar- og fræðslustarfs.

Árangur	Staða	
Eftir sameiningu stofnana í ársbyrjun 2024 hefur kynningar- og fræðslustarf að mestu leyti verið samhæft.	Festa þarf betur hendur á hvaða kynningar- og fræðsluefnis sé þörf, hvað sé til, hvað megi endurnýja og svo framvegis.	LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

3.5.5 Áhersluþáttur 5: Jákvæð byggðaþróun

Undir megináherslunni um jákvæða byggðaþróun var stefnt að því að landnýting styddi við atvinnu og byggðir um land allt og að verðmæti skógarafurða ykist.

Forsendur aukinnar verðmætasköpunar hafa styrkst að nokkru leyti. Nytjaskógar landsins eru að komast á það proskastig að þörf fyrir umhirðu og nýtingu eykst hratt. Þar með skapast tækifæri til að þróa þjónustu, úrvinnslu og nýjar afurðir. Endurskoðun fyrirkomulags skógræktar á lögbýlum og annarra hvata- og stuðningsverkefna skapar jafnframt möguleika á að samþætta betur ráðgjöf og framkvæmdir á jörðum og nýta tíma og fjármuni með markvissari hætti. Grundvöllur sjálfbærrar nýtingar skóga hefur verið styrktur með útgáfu staðalsins ÍST 95:2025 um sjálfbæra skógrækt og undirbúningi að vottun skóga samkvæmt alþjóðlegum vottunarkerfum, en ekkert vottunarkerfi er enn til staðar fyrir íslenska skóga.

Framgangur hefur þó verið hægur. Gerð svæðisáætlana í landgræðslu og skógrækt hefur tekið lengri tíma en ráðgert var og heildstæð fyrsta útgáfa fyrir landið liggur ekki fyrir. Þar sem áætlanirnar eiga að styðja framkvæmd fleiri aðgerða hefur töfin áhrif víðar en á þennan málaflokk. Þetta bendir til þess að endurskoða þurfi verklag og forgangsröðun við gerð áætlananna svo unnt verði að ljúka þeim innan viðunandi tímamarka. Þar með hefur ekki enn tekist að nýta svæðisáætlanir að fullu til að tengja landgræðslu og skógrækt við staðbundin tækifæri til atvinnu- og byggðaþróunar.

Úrvinnsla íslenskra viðarafurða og þróun nýrra vara er enn á frumstigi. Efla þarf sérhæfða þjónustu og byggja upp innviði fyrir umhirðu skóga, viðaröflun og -úrvinnslu til að mæta aukinni nýtingu skóganna.[44] Markviss umhirða er jafnframt mikilvæg til að tryggja gæði viðarins og framtíðarverðmæti skóganna sem náttúruauðlindar. Samstarf Lands og skógar, háskóla og annarra aðila um rannsóknir, þróun og uppbyggingu þjónustu er í undirbúningi.

[44] Úr skógi – skógarafurðir á Íslandi

Hugmyndir um aukna nýtingu þjóðskóga og sölu viðar til úrvinnslu sýna möguleika til frekari þróunar, en þörf er á skýrari útfærslu og framkvæmd. Árangur á þessu sviði ræðst jafnframt af virku samstarfi ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs, félagasamtaka og landeigenda, enda er stór hluti þeirra landsvæða sem stefnan nær til í einkaeigu.

Heildarmatið er að markmiðum megináherslunnar hafi aðeins verið náð að takmörkuðu leyti. Tækifæri til verðmætasköpunar hafa aukist eftir því sem skógarauðlindin vex, en virðiskeðja íslenskra skógarafurða, þjónusta og úrvinnslugeta hefur ekki þróast í sama takti. Við endurskoðun landsáætlunar þarf því að skoða sérstaklega hvernig megi styrkja virðiskeðju íslenskra skógarafurða, þjónustu, rannsóknir og nýsköpun og hvaða hlutverki stjórnvöld skuli gegna þar.

Stöðumat einstakra aðgerða undir áhersluþætti 5, Jákvæð byggðaþróun:

Aðgerð 9.1 – Samstarf um stefnumörkun fyrir aðgerðir í landgræðslu og skógrækt

Árangursvísir 1 – Svæðisáætlanir liggja fyrir og í þeim eru skilgreind helstu tækifæri í sjálfbærri nýtingu lands, uppbyggingu auðlinda og endurheimt vistkerfa

Árangur

Gerð svæðisáætlana er skammt á veg komin. Fyrir liggur áætlun sem unnin var í samstarfi við Reykjanesbæ og nær til sveitarfélagsins, en áætlanir fyrir þau átta svæði sem gert er ráð fyrir í verkefninu liggja ekki enn fyrir.

Staða

Svæðisáætlanir taka til landgræðslu og skógræktar. Grunnþættir í svæðisáætlun eru að greina tækifæri í sjálfbærri landnýtingu og hvar mögulegt og fýsilegt er að byggja upp skógar- og gróðurauðlindir eða vernda og endurheimta vistkerfi.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Aðgerð 9.2 – Ræktun skóga á löndum í einkaeigu

Árangursvísir 1 – Endurskoðuð reglugerð um skógrækt á lögbýlum

Árangur

Í stað eldri reglugerðar fellur skógrækt á lögbýlum nú undir reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt nr. 50/2026.

Staða

Innleiðing reglugerðarinnar stendur yfir.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 2 – Gróðursetning til nytjaskógræktar (árleg úttekt)

Árangur

Árið 2025 voru 2.116.953 plöntur gróðursettar samkvæmt samningum Lands og skógar um skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum. Á undanförnum árum hefur árlegur fjöldi gróðursettra plantna verið á bilinu 2,1–2,9 milljónir, flestar árið 2023, eða um 2,9 milljónir, en fæstar 2025.

Staða

Gögn eru tekin saman árlega.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI

Árangursvísir 3 – Fjöldi þátttakenda í skógrækt á lögbýlum (árleg úttekt)

Árangur

694 aðilar eru nú með skógræktarsamning við Land og skóg (skógrækt á lögbýlum, samningar til 40 ára). Af þeim eru 12 aðilar með samning um Vorvið. Undanfarin ár hafa nýir samningar verið innan við 10 á ári, en 26 nýir samningar voru gerðir árið 2022.

Staða

Gögn eru tekin saman árlega.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI)

Aðgerð 10.1 – Úrvinnsla og sala skógarafurða

Árangursvísir 1 – Tekjur af sölu skógarafurða (árleg úttekt)

Árangur

Gögn eru tekin saman árlega eftir föngum, en söluaðilar eru margir og ólíkir.

Staða

Skýra mætti hvað telst til skógarafurða og hvað ekki, og leita leiða til að koma söfnun þessara gagna í viðunandi horf.

LOKIÐ AÐ HLUTA EÐA Í VINNSLU

Árangursvísir 2 – Samantekt á afurðum framleiddum úr íslenskum skógum (á 5 ára fresti).

Árangur

Sérstök úttekt hefur ekki verið gerð.

Staða

Afurðir skóga eru fjölbreyttar og geta meðal annars verið timbur, jólatré, sveppir og ýmis hráefni úr trjám. Skógar skapa jafnframt ómarkaðsbundin og samfélagsleg verðmæti eins og möguleika til útivistar.

EKKI HAFIÐ EÐA ÓSTAÐFEST

Árangursvísir 3 – Fjöldi fyrirtækja sem framleiða vörur úr íslenskum skógarafurðum (úttekt á 5 ára fresti)

Árangur

Sérstök úttekt hefur ekki verið gerð.

Staða

Gróflega má ætla að 4–6 skógræktarfélög framleiði viðarafurðir, 10–20 skógarbændur og önnur fyrirtæki séu á bilinu 5–10.

EKKI HAFIÐ EÐA ÓSTAÐFEST

Árangursvísir 4 – Kolefnisbinding í viðarafurðum (t CO_2-ígilda).

Árangur

Í landsskýrslu Íslands (2026) um losunarbókhald kemur fram að af þeim 5.000 m^3 timburs sem falla til við grisjun eða skógarhögg árlega, séu um 1.000 m^3 nýttir í flettivið (35 ára helmingunartími í losunarbókhaldinu). Ætla má að í hverjum rúmmetra af timbri barrtrjáa séu um 250 kg af kolefni, eða sem svarar til rúmlega 900 kg af CO_2. Þannig má áætla að árlega séu bundin um 900 tonn CO_2-ígilda í viðarafurðum.

Staða

Gögnum er safnað árlega vegna loftslagsbókhalds Íslands.

LOKIÐ EÐA Í FÖSTUM FARVEGI))

4. Valkostir, framtíðarsýn og áherslur til umræðu

4.1 Lykilviðfangsefni til næstu ára

Hér eru dregin fram möguleg lykilviðfangsefni (L1–L8) til umræðu við mótun hvítbókar. Þau eru byggð á erindisbréfi ráðherra, stöðumatinu og samráði til þessa. Að hluta til eru þetta viðfangsefni sem þarfnast sérstakrar umræðu og úrlausna þar sem framkvæmd aðgerða til að uppfylla markmið gengur hægt eða að málin þarfnast frekari umræðu á breiðum grunni. Í hvítbók yrðu síðan þættir eins og markmið, leiðir, ábyrgð, fjármögnun og mælikvarðar útfærðir.

L1 Vernd og endurheimt vistkerfa. Leita þarf leiða til að auka vernd og endurheimt kolefnisríkra vistkerfa og vistkerfa sem eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni, með votlendi og náttúrulega birkiskóga í forgangi. Jafnframt þarf að skoða hvernig aðgerðir á sviði landnotkunar geti ýtt með samræmdum hætti undir loftslagsmarkmið Íslands og markmið um líffræðilega fjölbreytni.

L2 Framtíðaráherslur í skógrækt og verðmæti úr skógum. Leita þarf svara við því hvernig áherslur í skógrækt skuli þróast næstu áratugina, meðal annars hvert jafnvægið skuli vera milli nýskógræktar og aukinnar umhirðu og nýtingar þeirra skóga sem þegar hafa vaxið upp. Jafnframt þarf að finna leiðir til að efla fjölþætta verðmætasköpun úr skógum, svo sem sjálfbæra nýtingu skógarafurða, úrvinnslu, kolefnisbindingu, líffræðilega fjölbreytni og samfélagsleg verðmæti.

L3 Val lands, aðferðir og tegundaval í landgræðslu og skógrækt. Endurskoða þarf gæðaramma og viðmið aðgerða í takti við nýja þekkingu og breyttar áherslur. Hér er einkum átt við val lands og aðferða auk tegundavals og dreifingaráhættu. Skýr markmið séu sett út frá aðstæðum og hentugleika hvers svæðis og tekið mið af líffræðilegri fjölbreytni. Rammarnir séu þróaðir í víðtæku samráði, uppfærðir reglulega og aðgengilegir.

L4 Landupplýsingar aðgengilegar og nýttar. Efla þarf aðgengi og samnýtingu opinberra landupplýsinga, svo sem með auknu samstarfi stofnana, þannig að gögn séu aðgengileg á opnu og nýtanlegu formi í þágu nýsköpunar og til samfélagslegra hagsbóta. Jafnframt þarf að finna leiðir til að öll nauðsynleg grunnkort, svo sem um jarðveg Íslands, séu til staðar. Sérstaklega þarf að tryggja að gögn séu aðgengileg á opnu, stöðluðu og nýtanlegu starfrænu formi þannig að þau nýtist beint við ákvarðanatöku, landupplýsingavinnu og skipulagsgerð ríkis og sveitarfélaga.

L5 Landnýting á traustum grunni. Tryggja þarf að ákvarðanir um landnýtingu séu byggðar á ástandi lands og bestu fáanlegri þekkingu, meðal annars með markvissri miðlun landupplýsinga. Leita þarf leiða til betri beitarstjórnunar og víðtæks samstarfs þar um, þar sem sjálfbær landnýting, uppgræðsla og stýring nýtingar stuðlar jafnframt að vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Skoða mætti sérstaklega

hvort tiltekin svæði á afréttum og þjóðlendum geti uppfyllt viðmið um OECM[45] og þannig stuðlað að markmiðum um 30% vernd lands.

L6 Svæðisáætlanir og tenging við skipulag sveitarfélaga. Skýra þarf hlutverk svæðisáætlana og tengsl þeirra við landsáætlun, landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Leita þarf leiða til að gera svæðisáætlanir að raunhæfu tæki til forgangsröðunar og framkvæmdar og skýra hvernig þær tengjast skipulagsskyldu sveitarfélaga og ákvörðunum um einstaka framkvæmdir.

L7 Samfélag þekki og taki þátt. Auka þarf þátttöku samfélagsins og skilning á ávinningi landgræðslu og skógræktar. Tengja þarf aðgerðir betur við lífsgæði, útivist og daglegt umhverfi fólks og auka skilning á nauðsyn áframhaldandi jarðvegsverndar og baráttu gegn landeyðingu. Árangursmat þarf að vera skýrt og því miðlað með aðgengilegum hætti. Jafnframt þarf að leita leiða til að virkja þátttöku og ábyrgð bænda, landeigenda og annarra hagaðila á þeim verkefnum sem þau taka þátt í, meðal annars með virkari þátttöku þeirra í söfnun og skráningu gagna í tengslum við vöktun og árangursmat. Nýta mætti hvata- og stuðningskerfið á markvissari hátt til að stuðla að slíkri þátttöku og yfirfærslu ábyrgðar.

L8 Verkaskipting á sviði landgræðslu og skógræktar. Meta þarf hvort endurskoða skuli verkaskiptingu milli ríkis/ríkisstofnunar og annarra framkvæmdaraðila með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Skýra þarf hvaða verkefnum Land og skógur sinnir og hvaða verkefnum aðrir geta sinnt og þá hver stjórnsýsluleg og fjárhagsleg áhrif þess yrðu.

4.2 Valkostir – leiðir

Við val á leiðum þarf að líta til þess hvort þær henta viðfangsefninu, eru líklegar til árangurs, eru pólitískt fýsilegar, tæknilega fýsilegar, leiða til jákvæðra áhrifa á efnahag og framtíð. Leiðir sem stjórnvöld hafa almennt úr að velja til að fást við úrlausnarefni eru:

- Bein íhlutun hins opinbera – bein þjónusta ríkisaðila/stofnana eða aðkeypt.
- Upplýsingar – upplýsingagjöf, fræðslustarf, ráðgjöf, merkingar og ráðleggingar
- Hagrænir hvatar – til dæmis sektir, skattar, gjöld, skattafsláttur, styrkir, framseljanleg leyfi, kvótar, uppboð, leyfisveitingar, lán og tryggingar.
- Reglusetning/löggjöf: til dæmis markaðsreglur, reglusetning fyrir framleiðslu, neytendur, staðlar, boð og bönn, réttindi og kvaðir.
- Hnippingar – óbein áhrif og jákvæð styrking hegðunar sem getur haft áhrif á hvata til aðgerða og ákvarðanatöku hópa og einstaklinga.

[45] Ný skýrsla sýnir leiðir að 30% vernd lands og ferskvatns á Íslandi.

Segja má að í gildandi landsáætlun hafi allar þessir leiðir verið farnar en með misjöfnum hætti eftir viðfangsefnum. Hvað varðar endurskoðun áætlunarinnar og með hliðsjón af þeim lykilviðfangsefnum sem reifuð voru í kafla 4.1 mætti meðal annars nefna eftirfarandi mál þar sem stjórnvöld standa frammi fyrir raunverulegu stefnuvali.

Hvata- og stuðningsverkefni: Breiður stuðningur við núverandi verkefnaflokka. **Eða:** Skýrari forgangsröðun út frá ástandi lands, vernd og endurheimt. **Eða:** Meiri árangurstengdur stuðningur.
Skógrækt: Óbreytt vægi nýskógræktar. **Eða:** Meiri tilfærsla yfir í umhirðu og nýtingu núverandi skóga. **Eða:** Blönduð leið.
Tegundaval: Núverandi leiðbeininganálgun. **Eða:** Strangari skilyrði fyrir opinberum stuðningi. **Eða:** Strangari viðmið fyrir verkefni ríkisins og eftir atvikum svæðisbundnar takmarkanir.
Hlutverk Lands og skógar: Stofnunin framkvæmi stóran hluta verkefna sjálf. **Eða:** Stofnunin gegni í auknum mæli faglegu, leiðbeinandi, samræmingar- og stuðningshlutverki en aðrir sinni framkvæmd. **Eða:** Blönduð nálgun eftir verkefnum.

Við val á leiðum þarf að horfa til þeirrar vegferðar sem fram undan er, móta þarf framtíðarsýn og meginmarkmið og meta hvaða leiðir eru fýsilegar til að ná æskilegri stöðu. Í næstu köflum eru kynnt drög að framtíðarsýn og áherslum til frekari umræðu og útfærslu með almenningi og hagsmunaaðilum.

4.3 Drög að framtíðarsýn

Með það leiðarljós að auðlindir þjóðarinnar í gróðri og jarðvegi, verði verndaðar, endurheimtar og efldar er eftirfarandi framtíðarsýn fyrir landgræðslu og skógrækt á Íslandi sett fram:

Land, jarðvegur og vistkerfi Íslands eru vernduð, efld og nýtt með sjálfbærum hætti þannig að líffræðileg fjölbreytni, loftslagsþol, lífsgæði og verðmætasköpun styrkist til framtíðar.

4.4 Áherslur

Í tiltölulega nýlegum lögum um landgræðslu (2018) og skóga og skógrækt (2019) eru listuð upp fjölmörg markmið sem beri að stefna að. Þessum markmiðum mætti til einföldunar raða í fjóra áhersluflokka eða meginmarkmið:

I. **Bæta** og **vernda** jarðvegs- og gróðurauðlindir landsins.
II. **Nýta** auðlindir af sjálfbærni og til fjölþættrar verðmætasköpunar.
III. **Auka** þekkingu – vakta og meta árangur.
IV. **Virkja** almenning, auka samstarf og fræða.

Þessa flokkun mætti nýta til að einfalda texta stefnunnar, tengja hana með skýrum hætti við hinn lagalega grunn starfseminnar og gera aðgengilegri fyrir almenning.

Undir þessum áhersluflokkum mætti síðan skilgreina endurskoðaðar undiráherslur með hliðsjón af þeim aðgerðum sem kveðið er á um í núverandi stefnu og rétt þykir að vinna áfram með auk þess að hugsa fyrir nýjum eða breyttum. Þarna eru jafnframt tillögur að undiráherslum til umræðu sem telja má líklegastar til að leysa lykilviðfangsefni endurskoðaðrar landsáætlunar. Það sem hér er sett fram er því byggt á núverandi landsáætlun og því samráði sem haft var við gerð þessarar grænbókar.

I. Bæta og vernda jarðvegs- og gróðurauðlindir landsins

- Forgangsraða vernd og endurheimt kolefnisríkra og líffræðilega mikilvægra vistkerfa, svo sem votlendis og náttúruskóga.
- Stöðva landeyðingu og jarðvegsrof og endurheimta hnignuð vistkerfi.
- Efla heilbrigði, viðnámsþrótt og samfellu vistkerfa, meðal annars með náttúrumiðuðum lausnum.
- Draga úr losun og auka kolefnisbindingu samhliða vernd líffræðilegrar fjölbreytni og annarra náttúrugæða.

II. Nýta auðlindir af sjálfbærni og til fjölþættrar verðmætasköpunar

- Tryggja að landnýting taki mið af ástandi og getu vistkerfa og bestu fáanlegri þekkingu.
- Setja skýr viðmið um val lands, aðferðir og tegundaval í landgræðslu og skógrækt.
- Auka umhirðu, sjálfbæra nýtingu og fjölþætta verðmætasköpun úr þeim skógum sem þegar hafa verið byggðir upp.
- Skapa skilyrði fyrir markaðstengdar lausnir og fjárfestingu sem styðja sjálfbæra landnýtingu og fjölþætta verðmætasköpun.
- Útfæra heildstæða ráðgjöf og áætlanagerð í sjálfbærri landnýtingu.
- Bæta stjórnun beitar þar sem breytinga er þörf vegna ástands lands.
- Greina hvernig sjálfbær landnýting getur jafnframt stuðlað að langtímavernd náttúru, meðal annars á afréttum og þjóðlendum.

III. Auka þekkingu – vakta og meta árangur

- Efla vöktun og rannsóknir á ástandi og þróun lands og vistkerfa og áhrifum aðgerða, meðal annars með þátttöku hagaðila þar sem það á við.
- Tryggja að landupplýsingar og grunnkort séu aðgengileg og nýtanleg við skipulag og ákvarðanir.
- Nýta gögn og þekkingu markvisst við forgangsröðun aðgerða og landnýtingu.
- Þróa betri árangursvísa og reglulegt stöðumat sem sýnir bæði framkvæmd aðgerða og raunverulegar breytingar á ástandi lands og vistkerfa.

IV. Virkja almenning, auka samstarf og fræða

- Skýra hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga, Lands og skógar og annarra framkvæmdaraðila.
- Móta skilvirkt og stefnumiðað hvata- og stuðningskerfi sem styður skýrt við markmið landsáætlunarinnar.
- Efla þátttöku og samstarf samfélagsins, landeigenda og annarra hagaðila við undirbúning og framkvæmd verkefna.
- Tengja landgræðslu, skógrækt og endurheimt vistkerfa betur við lífsgæði, útivist og daglegt umhverfi fólks.
- Skýra hlutverk svæðisáætlana við forgangsröðun og tengsl þeirra við skipulagsgerð sveitarfélaga.
- Efla samstarf hins opinbera, félagasamtaka og atvinnulífs um aukna fræðslu og miðlun þekkingar.

5. Hver er þín skoðun?

Margir aðilar koma að framkvæmd stefnu um landgræðslu og skógrækt. Því er samstarf stjórnvalda, sveitarfélaga, landeigenda, landnotenda, félagasamtaka, atvinnulífs og almennings nauðsynlegt. Tilgangur grænbókarinnar er að hvetja til umræðu um stöðumat málaflokksins, lykilviðfangsefni til næstu ára, framtíðarsýn og mögulegar áherslur og leiðir. Stöðumatið og niðurstöður samráðsins verða grundvöllur áframhaldandi stefnumótunar og vinnu við hvítbók. Sérstaklega er óskað eftir sjónarmiðum um eftirfarandi:

1. Hver er afstaða þín til stöðumatsins? Endurspeglar það að þínu mati stöðu málaflokksins, helstu úrlausnarefnin og þann lærdóm sem draga má af framkvæmd gildandi landsáætlunar? Vantar mikilvæg gögn eða viðfangsefni?

2. Hver er skoðun þín á þeirri framtíðarsýn sem sett er fram? Lýsir hún með skýrum hætti þeirri stöðu sem stefna ætti að til lengri tíma?

3. Hver er skoðun þín á þeim lykilviðfangsefnum sem sett eru fram? Eru lykilviðfangsefni næstu ára rétt skilgreind? Hvaða viðfangsefni telur þú mikilvægust og er eitthvað sem vantar?

4. Hver er skoðun þín á þeim áherslum og leiðum sem lagðar eru til? Sérstaklega er óskað eftir sjónarmiðum um efni í kafla 4. Eru einhverjar aðrar áherslur sem þér þykja skipta meira máli til framtíðar?

5. Hvernig ætti að meta árangur landsáætlunar? Hvaða mælikvarðar og gögn eru mikilvæg til að meta ekki aðeins framkvæmd einstakra aðgerða heldur einnig breytingar á ástandi lands og vistkerfa, sjálfbærni landnýtingar og annan ávinning stefnunnar?

6. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við endurskoðun landsáætlunarinnar?

Að lokum er vakin athygli á því að í samráðsferlinu býðst dýrmætt tækifæri fyrir hagsmunaaðila til að hafa áhrif á stefnuna og tilheyrandi aðgerðir.

6. Viðaukar

Viðauki 1. Matslýsing vegna umhverfismats endurskoðaðrar landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt

Landsáætlun um landgræðslu og skógrækt

Endurskoðun 2026

Matslýsing

vegna umhverfismats endurskoðaðrar landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt

sbr. 5. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021



Við Þakgil í júlí 2015. (Ljósm. Stefán Gíslason).

Verkefnisstjórn um endurskoðun landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt

September 2026

environice

Viðfangsefni áætlunar

Umhverfismatið sem hér um ræðir nær til endurskoðaðrar landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt, en lögum samkvæmt skal gefa út slíka landsáætlun eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og til tíu ára í senn.[1] Fyrsta sameiginlega stefnan í málaflokknum var gefin út í ágúst 2022 undir heitinu *Land og líf: Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031*. Samhliða stefnunni var gefin út fimm ára aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2022–2026. Vorið 2026 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra verkefnisstjórn sem falið er að endurskoða þá áætlun. Afraksturinn verður stefna til ársins 2036 og aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2027-2031.

Í 6. gr. laga um landgræðslu, nr. 155/2018, kemur fram að í landsáætlun skuli „*kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt með hliðsjón af markmiðum laga þessara og laga um skóga og skógrækt. Áætlunin skal stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd og í landnýtingu, þ.m.t. skógrækt og vernd og endurheimt vistkerfa. Í áætluninni skal gera grein fyrir markmiðum stjórnvalda um hvernig nýting lands styður best við atvinnu og byggðir í landinu, hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla má og endurheimta vistkerfi sem skert hafa verið og koma með tillögur um breytingar á nýtingu lands, t.d. friðun fyrir tiltekinni nýtingu þar sem það á við*“. Samhljóða ákvæði er að finna í 4. gr. laga um skóga og skógrækt, nr. 33/2019.

Vinna við gerð landsáætlunarinnar skiptist í aðalatriðum í þrjá þætti. Fyrst er útbúin grænbók sem felur í sér stöðumat, þ.m.t. mat á árangri gildandi áætlunar, auk útskýringa á verklagi í vinnunni sem við tekur. Annar þátturinn er gerð hvítbókar með drögum að stefnu og loks verður gengið frá stefnunni sjálfri, m.a. með hliðsjón af ábendingum sem koma fram í umsagnarferli hvítbókarinnar. Matslýsingin sem hér birtist er unnin samhliða vinnu við grænbókina, en vinna við sjálft umhverfismatið fer fram samhliða vinnslu hvítbókar.

[1] Sbr. 6. gr. laga um landgræðslu, nr. 155/2018 og 4. gr. laga um skóga og skógrækt, nr. 33/2019.

Matsskylda

Samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, eru áætlanir og breytingar á áætlunum háðar umhverfismati ef þær uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Marka stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögin.
- Eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum.
- Eru unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Tillaga að landsáætlun um landgræðslu og skógrækt er því háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmd umhverfismats

Umhverfismat landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt fer fram samhliða gerð áætlunarinnar. Í matinu er leitast við að lýsa og leggja mat á líkleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar út frá skilgreindum viðmiðum, með sérstakri áherslu á þá umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir umtalsverðum áhrifum eða eru sérstaklega viðkvæmir, svo sem vegna náttúruverndargildis. Þessu til viðbótar er leitast við að lýsa raunhæfum valkostum við áætlunina og lagt mat á þá, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar. Þetta felur m.a. sér mat á „núllkosti“, þ.m.t. hvort „núllkostur“ sé raunverulegur valkostur í því samhengi sem um ræðir. Þá felur vinna við umhverfismatið í sér lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og vöktun, eftir því sem við á.

Eins og fram kemur hér að framan skal landsáætlun um landgræðslu og skógrækt „*stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd og í landnýtingu, þ.m.t. skógrækt og vernd og endurheimt vistkerfa*“. Þá skal í áætluninni „*gera grein fyrir markmiðum stjórnvalda um hvernig nýting lands styður best við atvinnu og byggðir í landinu, hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla má og endurheimta vistkerfi sem skert hafa verið og koma með tillögur um breytingar á nýtingu lands, t.d. friðun fyrir tiltekinni nýtingu þar sem það á við*“. Í áætluninni skal m.a. gera grein fyrir vernd og endurheimt vistkerfa, sjálfbærri nýtingu lands, áhrifum á atvinnuþróun og byggð, samhengi við líffræðilega fjölbreytni, samhengi við loftslagsbreytingar, öflun þekkingar og eftirliti með ástandi og nýtingu lands. Jafnframt skal horft til þess að „*samþætta áætlunina við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga sem og alþjóðlegar skuldbindingar*“.

Þau atriði sem talin eru upp hér að framan þýða í reynd að landsáætlun um landgræðslu og skógrækt er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir þeim markmiðum um sjálfbæra þróun sem fram koma í íslenskri og evrópskri löggjöf og í stefnumótun stjórnvalda. Sjálf áætlunargerðin felur samkvæmt þessu óhjákvæmilega í sér stóran hluta þeirrar vinnu sem alla jafna þarf að ráðast í við umhverfismat áætlana. Í umhverfismatinu er því í raun ekki þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða og aðeins þarf að fjalla að takmörkuðu leyti um tengsl hennar við aðra áætlanagerð og við

umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda. Í því sambandi verður þá helst horft til Landsskipulags, Byggðaáætlunar, Samgönguáætlunar og stefnu um líffræðilega fjölbreytni, þ.e. að því marki sem þennan samanburð er ekki að finna í áætluninni sjálfri. Þessi tengsl verða sett fram og skýrð í töflum í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað lauslega um áhrif þeirra áforma sem fram koma í áætluninni á einstaka þætti í umhverfinu, þ.e. eftir því sem við á og að því marki sem ekki er fjallað um þessi áhrif í áætluninni sjálfri. Þá verður leitast við að meta samlegðaráhrif, sem geta til að mynda komið fram ef skógrækt og landgræðsla á mörgum svæðum í ólíkum landshlutum geta þrengt að vistgerðum sem teljast ekki fágætar þegar horft er til einstakra áforma hvers fyrir sig.[2]

Í matsvinnunni verður stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (nú HMS) um umhverfismat framkvæmda og áætlana og lagt mat á hvort meginstefnumörkun áætlunarinnar fylgi almennt markmiðum þeirra umhverfisviðmiða sem lögð eru til grundvallar umhverfismati.

Niðurstöður umhverfismats

Niðurstaða umhverfismats verður birt í umhverfismatsskýrslu, sem verður hluti af eða viðauki við landsáætlunina sem um ræðir.

Samráð og kynning

Haft verður samráð við HMS um umfang og nákvæmni umhverfismatsins, eins og mælt er fyrir um í 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrsla verður hluti þeirra gagna sem kynnt verða sem drög að tillögu verkefnisstjórnar og samráði og kynningu háttað eins og mælt er fyrir um í 10. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 og í 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

[2] Stundum nefnd „Salamiáhrif" í alþjóðlegri umræðu.

Kaflaskipting

Gert er ráð fyrir að kaflaskipting umhverfismatsskýrslu verði í grófum dráttum sem hér segir:

1. Samantekt umhverfismats
2. Viðfangsefni áætlunar
3. Matsskylda
4. Sérstaða landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt
5. Aðferðir
6. Áhrif framkvæmdar áætlunarinnar á þætti í umhverfinu
7. Samlegðaráhrif
8. Tengsl við aðrar áætlanir
9. Samanburður valkosta
10. Vöktun
11. Kynning og samráð
12. Athugasemdir og viðbrögð

Tekið saman fyrir Verkefnisstjórn um endurskoðun landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt
Stefán Gíslason
Environice
Hvanneyri